

VALDIMAR ÖRNÓLFSSON
Úr morgunleikfiminni
í Mullers-æfingarnar

Heilsa
allt í MIÐJU BLAÐSINS



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL
Söng á stórtónleik-
um í Central Park

Upptökustjóri Davids Bowie lék
undir



TIGER
æklingurinn fylgir blaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. október 2007 — 274. tölublað — 7. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Harry Potter og dauðadjánsnin
Helga Haraldsdóttir hefur lokið við að þýða síðustu bókina um Harry Potter.

FÓLK 24

Kynnir Bandið hans Bubba
Unnur Birna Vilhjálmsdóttir hlakkar til að reyna fyrir sér á nýjum vettvangi í vetur.

FÓLK 30

Gæfan fylgir göngumanni
Ragnhildur Vigfúsdóttir segir það forréttindi að fá að leggja sitt af mörkum til að fundin verði lækning á brjóstakrabbameini.


Í DAG 16

Frjálsari en í fyrravetur
Framarinn Jóhann Gunnar Einarsson var besti leikmaður 4. umferðar N1-deildarinnar í handbolta.

ÍPRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG

LÆGD NÁLGAST - Í dag verður austan strekkingur við suðurströndina og sums staðar vestan til, annars hægari. Dálítil rigning sunnan til en slydda eða snjókoma með austanverðu landinu. Viða töluverð úrkoma í nótt. Hiti 0-9 stig.



Vilja reka netþjónabú á Keflavíkurflugvelli

Verne, fyrirtæki í eigu Novators, hyggst reka netþjónabú á Keflavíkurflugvelli. Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing um kaup á húsum á svæðinu. Fyrirtækið skoðar þátttöku í hlutafjárútboði Farice, sem undirbýr lagningu nýs sæstrengs.

VIÐSKIPTI Fjárfestingarfyrirtækið Verne hefur skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup á tveimur húsum á Keflavíkurflugvelli til þess að reka þar netþjónabú. Netfyrirtækið Google er ekki aðili að þessari ákvörðun en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þreifingar hafi verið um samstarf við fyrirtækið. Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður Verne, vildi ekki staðfesta það. „Það eru til fyrirtæki eins og Google, Yahoo og Microsoft sem byggja og reka sjálfstætt sín eigin netþjónabú og svo eru annars konar netþjónabú sem ætluð eru til útleigu. Menn hafa verið að skoða möguleikana og það er

ýmislegt í kortunum, en engar endanlegar ákvarðanir liggja fyrir og ekkert verður gefið út strax,“ segir Vilhjálmur. Fjárfestingarfyrirtækið Verne er í eigu Novators á Íslandi og erlendra fjárfesta, sem einnig eru tveir stærstu hluthafartölvuleikjaframleiðandans CCP. Verne er einnig að skoða þátttöku í hlutafjárútboði hjá Farice. „Við erum að skoða málið með jákvæðum hug,“ segir Vilhjálmur. Í síðustu viku tilkynnti samgönguráðherra að sæstrengur yrði lagður milli Íslands og Danmerkur. Þá greindi ráðherra frá því að orðið hefði verið við óskum þeirra sem rækju netþjónabú,

sem lagt hefðu áherslu á að strengurinn yrði lagður til Danmerkur. Í tilkynningu frá ráðuneytinu sagði að fljótlega yrði greint frá samkomulagi ríkisins við öfluga aðila, innlenda og erlenda, um tengingu netþjónabús, en Danicestrengurinn mun uppfylla kröfur netþjónabúa um flutningsgetu og aðra tæknilega þætti. „Það er mikið búið að ræða um netþjónabú að undanfögnu og við erum að skoða þessi mál,“ segir Vilhjálmur. Nýi strengurinn, Danice, verður viðbót við Farice 1-sæstrenginn og verða strengirnir tveir reknir sem eitt kerfi. - eb



SÚLAN UNDIRBÚIN Friðarsúla Yoko Ono, ekkja Johns Lennon heitins, verður tendruð í Viðey við hátíðlega athöfn í kvöld. Hún er í rauninni friðarljós, þar sem kastarar á jörðu niðri varpa sterku ljósi upp til himins. Súlan er reist í minningu Lennons, sem hefði orðið 67 ára í dag, og mun lýsa fram til 8. desember, en þann dag árið 1980 var Lennon myrtur í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Tendrað til minningar um John Lennon, sem hefði orðið 67 ára í dag: Kveikt á friðarsúlunni í kvöld

VIÐEY Kveikt verður á friðarsúlu Yoko Ono í Viðey í kvöld. Ono, sem er ekkja Johns Lennon heitins, og Sean sonur hans verða viðstödd athöfnina, sem hefst klukkan hálf átta. Ásamt þeim verða útvaldir boðsgestir, þar á meðal bítillinn fyrrverandi Ringo Starr og Olivia Harrison, ekkja George Harrison. Paul McCartney, sem var einnig boðið, verður ekki viðstaddur athöfnina. Súlan verður tendruð til minningar um John Lennon, sem hefði orðið 67 ára í dag. Hún mun lýsa upp himininn fram til 8. desember, en þann dag árið 1980 var Lennon skotinn til bana í New York. Ætlunin er að

hafa kveikt á súlunni í þessa tvo mánuði á hverju ári. Að athöfninni lokinni halda boðsgestir í land í móttöku borgarstjórans í Reykjavík, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. „Það er allt á góðu róli hjá okkur og við hlökkum mikið til,“ segir Soffía Karlsdóttir, deildarstjóri markaðs- og kynningarmála hjá Listasafni Reykjavíkur. „Undirbúningsvinnan hjá okkur hefur að mestu leyti snúist um blaðamanna- og gestaumsýslu undanfarna daga, en það koma hátt í fimmtíu erlendir fjölmiðlamenn til landsins vegna athafnarinnar.“ - sps



MAGNÚS PÁLL Er harður á að hafa skorad markað umdeilda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsbankadeild karla:
Barist um bronsskóinn
FÓTBOLTI Ekki er enn ljóst hver hlýtur bronsskóinn í Landsbankadeild karla. Þrír leikmenn voru jafnir með átta mörk samkvæmt tölfræði KSÍ en Blikinn Magnús Páll Gunnarsson hafði spilað minnst af þessum leikmönnum og ætti því að fá skóinn samkvæmt reglum KSÍ og Adidas. Svo getur farið að hann fái ekki skóinn þar sem áhöld eru um hvort skrá eigi síðara mark Magnúsar gegn FH í 16. umferð á hann eða sem sjálfsmark FH-ings. KSÍ staðfesti við Fréttablaðið í gær að málið yrði skoðað. Verði markað ekki skráð á Magnús fær Sinisa Kekic bronsskóinn en ekki Tryggvi Guðmundsson eins og áður var talið. - hbg / sjá síðu 26

Flúðu átök í Kólumbíu: Taka á móti 27 flóttamönnum

FÉLAGSMÁL Tuttugu og sjö kólumbískir flóttamenn koma til landsins í dag í boði íslenskra stjórnvalda. Fólkið hafði flúið til Ekvador frá ofbeldi, stríðsátökum og ofsóknum í heimalandi sínu Kólumbíu. Flóttamennirnir munu setjast að í Reykjavík. Rauði krossinn og Reykjavíkurborg sjá um móttöku þeirra og útvega meðal annars húsnæði og félagslega ráðgjöf, eins og segir í fréttatilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu. Íslensk stjórnvöld hafa samtals tekið á móti 247 flóttamönnum frá árinu 1996. - sps

Silfrið er hjá okkur

eyjan.is

Ný Skoda Fabia
ER MEÐ SEX LOFTPÚÐUM



SPURNING DAGSINS



Jóna, er ekki úr háum söðli að detta fyrir þig?

„Góðir reiðmenn á alvöru gæðing-um detta ekki.“

Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri á Blönduósi, hefur sagt upp starfi sínu. Hún ætlar að taka við starfi framkvæmda- stjóra Landsmóts hestamanna, sem haldið verður á Gaddstaðafllötum við Hellu í júlí á næsta ári.

Úrskurður Alþjóðadómstóls: Ný landamæri í Karíbahafi

HAAG, AP Alþjóðadómstóllinn í Haag, æðsti dómstóll Sameinuðu þjóðanna, úrskurðaði í gær að Hondúras skyldi fá yfirráð yfir fjórum eyjum í Karíbahafi, sem grannríkin Hondúras og Níkar-agva hafa deilt um yfirráðin yfir í áratugi.

Samkvæmt úrskurðinum eru lögsögumörk landanna dregin nokkurn veginn miðja vegu milli krafna hvors ríkis um sig. Með úrskurðinum liggur loks þjóðar-réttarlega fyrir hver hafi nýtingarréttindi á auðlindum í og undir hafinu á þessu svæði. Stjórnvöld beggja landa hafa skuldbundið sig til að hlíta niðurstöðunni.

HARMUR Nágrannar hugga hver annan á vettvangi í gær.

Blóðbað í bandarískum bæ: Skotæði í af-bryðisemiskasti

BANDARÍKIN, AP Lögreglumaður skaut til bana sex og helsærði eitt ungmenni sem safnast höfðu saman í heimahúsi til að borða pitsu og horfa á heimabíó í litlum bæ í Wisconsin í Bandaríkjunum í fyrrakvöld. Sjálfur féll hann fyrir kúlum annarra lögreglumanna.

Byssumaðurinn var tvítugur að aldri og hafði nýlega hafið störf í lögreglunni í bænum Crandon. Svo virðist sem skotæði hafi runnið á manninn, Tyler Peterson, í afbryðisemiskasti, að því er móðir einnar stúlkunnar sem fyrir skoti varð gat sér til.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

9. október 2007 **ÞRIÐJUDAGUR**

Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins heimsækir Ísland:

Lýsir eftir Afganistanliðsauka

ÖRYGGISMÁL Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Atlantshafs-bandalagsins, kom til Íslands í gær í tilefniaf ársfundi Þingmanna-sambands NATO sem nú fer fram í Laugardalshöllinni í Reykjavík. Hann átti strax eftir komuna fund með Geir H. Haarde forsætis-ráðherra og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra, en í dag munu þeir de Hoop Scheffer og Geir verða meðal ræðumanna á allsherjarfundi NATO-þingsins.

Á síðasta viðkomustað sínum fyrir Íslandsferðina, Kaupmanna-höfn, hvatti de Hoop Scheffer aðildarþjóðir bandalagsins í gær til að senda fleiri hermenn til þátt-

RÆDDU AFGANISTANVERKEFNI Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, ásamt Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra í Ráðherrabústaðnum í gærkvöldi.

töku í verkefni NATO-herliðsins í Afganistan. Mannekla og skortur á búnaði standi verkefninu fyrir þrífum.

Á blaðamannafundi í ráðherra-bústaðnum eftir fundinn með Geir og Ingibjörgu í gærkvöld sagði de Hoop Scheffer að áskorun sinni hefði hann beint til allra aðildar-ríkja bandalagsins. Ísland hefði lagt til vel metið framlag til upp-byggingaverkefnisins í Afgani-stan og vonaðist hann til að Íslend-ingar héldu því áfram. Fjórtán liðsmenn Íslensku friðargæslunnar eru nú að störfum innan vébanda ISAF í Afganistan.

Hugleiða að nýta forkaupsrétt í HS

Sextán prósentu hlutur Orkuveitunnar í Hitaveitu Suðurnesja rann til REI við sameininguna fyrir helgi og verður seldur með hlut Orkuveitunnar í REI. Hafn-firðingar og Reyknesingar eiga forkaupsrétt og munu skoða að nýta hann.

ORKA Við umdeildan samruna Reyjavík Energy Invest og Geysis Green Energy fyrir helgi rann 16,6 prósentu hlutur Orkuveitu Reykja-víkur í Hitaveitu Suðurnesja (HS) inn í hið sameinaða félag. Hlutur-inn er metinn á 1,2 milljarða.

Orkuveitan keypti hlutinn í sumar og stjórnarmenn í HS frá Reykjanesbæ og Hafnarfirði furða sig á vinnubrögðum Orkuveitunnar. Þeir hyggjast skoða það hvort bæjarfélögin muni nýta forkaups-rétt sem þau eiga í hluti Orkuveitunnar og Geysis.

Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar, segir að ákveðið hafi verið að hlutur Orkuveitunnar í HS skyldi renna inn í REI við samrunann til að hann yrði á sömu hendi og 32 prósentu hlutur Geysis. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks ákváðu í gær að Orkuveitan skyldi selja þriðjungshlut sinn í REI og telur Hjörleifur ekki ástæðu til að undanskilja hlut Orkuveitunnar í HS í þeirri sölu.

Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, er á öðru máli, og telur að skilja eigi HS að í því sambandi. „Einkaaðilar eiga að vera sterkir í útrás en við eigum að láta annað gilda um auð-lindir innanlands,“ segir hann.

Gunnar Svavarsson, stjórnar-maður í HS fyrir hönd Hafnar-fjarðar, telur einnig að Orkuveitan ætti að leitast við að halda hlut sínum í HS. Hann er hissa á ákvörð-un Orkuveitunnar. „Það kemur okkur á óvart að Orkuveitan hafi ákveðið að leggja hlutinn inn í REI því það var aldrei upp á borðinu í sumar að leggja hann inn í útrásar-fyrirtæki,“ segir Gunnar.

Hitaveita Suðurnesja Gunnar Svavarsson og Árni Sigfússon, sem eiga sæti í stjórn HS, furða sig á því hvernig Orkuveita Reykjavíkur hélt á málinu.

„Það er enn sérstakara að menn leggi hlutinn inn á föstudegi og taki svo ákvörðun á mánudegi um að selja hann. Af hverju tóku menn ekki bara ákvörðun um það að til-kynna forkaupsréttarhöfum strax á fimmtudaginn að þeir ætluðu að selja hann?“

Árni Sigfússon, bæjarstjóri

Reykjanesbæjar og fulltrúi í stjórn HS, tekur í svipaðan streng. „Til hvers var Orkuveitan að kaupa í HS ef hún vill svo setja þennan hlut mjög snarlega í útrásarfyrirtæki? Það var óvænt – jafnóvænt og aðkoma þeirra að Hitaveitunni.“

Báðir segja þeir Gunnar og Árni að íhugað verði, jafnvel með sam-starfi bæjarfélaganna, að nýta for-kaupsréttinn í hlutinn í HS, sem ellegar yrði seldur einkaaðilum með hluta Orkuveitunnar í REI.

Árni tekur þó fram að hann óttist ekki einkaframtakið og að það sem mestu máli skipti sé að Reykja-nesbær eigi ráðandi hlut í HS og sé með í öllum ákvarðanatökum. Eignarhlutfall annarra hluthafa sé aukaatriði í því samhengi.

stigur@frettabladid.is

Lögreglan í höfuðborginni:

Þrír teknir með kókaín

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók þrjá karlmenn með talsvert magn af fíkniefnum í fórum sínum í fyrradag.

Mennirnir voru akandi í bíl þegar þeir voru stöðvaðir við hefðbundið eftirlit. Um það bil tuttugu grömm af kókaíni fundust í bílnum hjá þeim. Þeir voru handteknir og færðir á lögreglustöð þar sem þeir dvöldu í fyrrinótt. Þeim var sleppt í gær eftir yfirheyrslur.

Mennirnir eru þekktir hjá lögreglunni, samkvæmt upplýs-ingum Fréttablaðsins.

AFTÖKUR Í ÍRAN Íran er eitt þeirra ríkja sem stórtækust eru í dauðarefsingum.

Ákvörðun Evrópuráðsins: Dagur gegn dauðarefsingu

EVROPURÁÐIÐ Evrópuráðið hefur ákveðið að 10. október ár hvert verði framvegis „Evrópudagur gegn dauðarefsingu“. Opinber yfirlýsing um þetta verður gefin í dag á ráðstefnu Evrópraðsins í Lissabon í Portúgal.

Aðildarríki Evrópuráðsins munu ár hvert vekja með ýmsum hætti athygli á deginum. Jafn-framt er dagana 1. til 15. október haldin í Portúgal herferð gegn dauðarefsingu undir kjörorðinu „Dauði er ekki réttlæti“ í þeim tilgangi að efla vitund almenn-ingu um nauðsyn þess að afnema dauðarefsingu í öllum löndum heims.

Umhverfisstofnun: Magn kvikasilf-urs hverfandi

UMHVERFISMÁL Umhverfisstofnun tók nýlega þátt í norrænu verkefni þar sem mælt var magn kvikasilfurs í urriða til að kanna áhrif umhverfis á upptöku þess í fiski. Sýni voru tekin af urriða í Elliðavatni, Mývatni, Stóra-Fossvatni og Þingvallavatni.

Magn kvikasilfurs sem mældist í fiski úr þessum vötnum var á bilinu 0,01–0,05 milligrömm á kíló, sem er mjög lágt gildi. Undan-tekning var stórrurriði úr Þing-vallavatni en í honum mældist kvikasilfur 0,2–0,9 milligrömm á kíló og skýrist af háu magni kvikasilfurs í umhverfinu.

VÍÐTÆKASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN

- Einfaldari skilmálar
- Hærri bætur
- Lægri eigin áhætta

VERTU VISS

SJÓVÁ

Maður úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald grunaður um líkamsárás:

Lést af sárum sínum á spítala


LÖGREGLUMÁL Karlmaður sem fannst illa leikinn á heimili sínu á sunnudag lést á sunnudagskvöld af völdum áverkanna sem honum voru veittir af líkamsárás fyrr um daginn. Karlmaður á fer-tugsaldri hefur verið úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald vegna málsins. Ekki er unnt að birta nafn hins látna að svo stöddu.

Á sunnudag var haft samband við lögreglu og greint frá að maður væri alvarlega slasaður í íbúð við Hringbraut í Reykjavík. Maðurinn fannst þar meðvitundarlaus og með mikla áverka á höfði sem drógu hann til dauða þá um kvöldið.

Karlmaður var handtekinn í kjölfarið, grun-aður um að hafa ráðist á manninn þá um daginn. Var það sá sami og hafði tilkynnt lögreglu um hinn slasaða og var staddur í húsinu þegar lög-reglu bar að. Hann var úrskurðaður í gæslu-varðhald til 15. október í Héraðsdómi Reykja-víkur í gær.

Rannsókn málsins er í fullum gangi en yfir-heyrslur yfir hinum grunaða og íbúum hússins hófust í gær.

VIÐ HRINGBRAUT Maðurinn fannst meðvitundarlaus í íbúð sinni við Hringbraut á sunnudag. Hann lést af sárum sínum á sjúkrahúsi síðar um kvöldið.



FRÁBÆRT TÆKIFÆRI TIL AÐ ÁVAXTA PENINGANA ÞÍNA

Sjóður 10, úrval innlendra hlutabréfa, er góður valkostur fyrir þá sem vilja fjárfesta á innlenda hlutabréfamarkaðnum, enda veitir hann mun meiri áhættudreifingu en fjárfesting í einstökum félögum. Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands. Ef lítið er til ávöxtunar síðustu þriggja ára er sjóðurinn með hæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á Íslandi.

Sjóður 10	31%*	ÞINN ÁVINNINGUR • Góð ávöxtun • Mikil áhættudreifing • Eign þín í umsjá sérfræðinga
-----------	---------------	--

*Nafnávöxtun sl. 3 ára á ársgrundvelli m.v. 28.09.07, skv. www.sjodir.is. Sjóður 10 – úrval innlendra hlutabréfa er fjárfestingarsjóður skv. III. kafla laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsing og úrdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.

FJÁRFESTU Í SJÓÐUM Í NÆSTA ÚTIBÚI, Á WWW.GLITNIR.IS EÐA Í SÍMA 440 4900



GENGIÐ 08.10.2007		
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA
	Bandaríkjadalur	60,77 61,07
	Sterlingspund	123,79 124,39
	Evra	85,56 86,04
	Dönsk króna	11,481 11,549
	Norsk króna	11,183 11,249
	Sænsk króna	9,338 9,392
	Japanskt jen	0,517 0,520+
SDR		94,15 94,71
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
		115,2923
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Björn Ingi Hrafnsson:
Gætum selt lít-
inn hlut núna

ORKUMÁL Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokks-
ins, segir fulla samstöðu innan
flokks síns um að samruni Geysis



**BJÖRN INGI
HRAFNSSON**

Green Energy og Reykjavík
Energy Invest (REI) hafi verið
góður. Farið
verði yfir óskir
sjálfstæðis-
manna varðandi
sölu á hlut
Orkuveitunnar í
REI, og hvort
þær geti ekki

farið saman við hugmyndir
framsóknarmanna.
„Ég held að það komi til greina
að selja lítinn hlut núna ef gott
verð fæst fyrir, svo gæti
afgangurinn verið seldur í
áföngum þegar kemur að
skráningu á hlutabréfamarkað.“

Spurður hvort hann sé sáttur
við að sjálfstæðismenn hafi
ákveðið að stefna að því að selja
hlut Orkuveitunnar í REI á fundi
sínum í gær segist Björn ekki
telja að um ákvarðanir meirihlut-
ans hafi verið að ræða. „Ég skil
þá þannig að þeir hafi verið að
ákveða sínar áherslur í málinu, en
hafi ekki verið að kynna neinar
ákvarðanir meirihlutans,“ segir
hann.

- sps

HEILBRIGÐISMÁL

Engin ný E. coli tilfelli

Engin ný tilfelli af E. coli bakteríusýk-
ingu hafa komið upp hér á landi, en
fimm hafa greinst með sýkinguna.
Ekki er ljóst hvað olli sýkingunni en
faraldsfræðileg rannsókn stendur yfir.

ÁRÉTTING

Fyrisögn fréttar um kjaramál kennara
sem birtist á forsiðu blaðsins í gær
var ekki í takt við innihald fréttarinnar.
Kennurum sviður ekki há laun nem-
enda heldur vilja þeir að byrjunarlaun
kennara verið hækkuð.

Aftökur á ný í Afganistan eftir þriggja ára hlé á dauðarefsingum:

Fimmtán fangar teknir af lífi

AFGANISTAN, AP Fimmtán fangar
voru teknir af lífi á sunnudagskvöld
í stærsta fangelsi Afganistans rétt
fyrir utan höfuðborgina Kabúl.
Þetta eru fyrstu aftökurnar í
landinu í meira en þrjú ár.

Talibanastjórnin, sem Banda-
ríkjamenn steyptu af stóli árið
2001, tók reglulega fólk af lífi í
viðurvist almennings, gjarnan á
íþróttaleikvangi í Kabúl. Síðast
voru aftökur framkvæmdar í
Afganistan í apríl 2004.

Mannréttindasamtökin Amnesty
International fordæmdu aftök-
urnar. Samtökin segja að Hamid
Karzai forseti hafi áður heitið því
að stöðva dauðarefsingar.



HAMID KARZAI Forseti Afganistans segist
ekki geta annað en farið að landslögum.

NORDICPHOTOS/AFP

Hamajun Hamidzada, talsmaður
forsetans, segir að Karzai fari
afar varlega í að heimila aftökur.

„Hann hefur frestað þessum
málum vegna þess að hann vill
ganga úr skugga um að réttlætinu
sé fullnægt og að málsmeðferð hafi
verið rétt. Hann er persónulega
ekki hrifinn af aftökum, en afgönsk
lög krefjast þeirra, og hann mun
fara að lögum,“ sagði Hamidzada.

Á síðasta ári voru dauðarefsing-
ar framkvæmdar í 24 ríkjum, sam-
kvæmt upplýsingum frá Amnesty
International. Sex þessara ríkja
voru þar stórtækust: Kína, Íran,
Írak, Pakistan, Súdan og Banda-
ríkin.

- gb

Málefni Orkuveitunnar:

Framsókn frestaði fundi

STJÓRNMÁL Þingflokkur Fram-
sóknarflokksins fundaði ekki í
gær með fulltrúum flokksins í
sveitarstjórnnum sem eiga
hagsmuna að gæta í Orkuveitu
Reykjavíkur, eins og áætlað hafði
verið. Guðni Ágústsson hefur
boðað fund í þessari viku, jafnvel
í dag en einnig kemur til greina að
fulltrúarnir hittist á reglulegum
þingflokksfundi á morgun.

Mikillar óánægju gætir innan
þingflokks Framsóknarflokksins
með framgöngu Björns Inga
Hrafnssonar, borgarfulltrúa
flokksins, við samruna Reykjavík
Energy Invest og Geysir Green
Energy.

- shá

Segja ágreininginn í borginni úr sögunni

Stjórnarformanni Orkuveitunnar gert að víkja úr sæti og hlutur Orkuveitu
í REI verður seldur með miklum hagnaði. Tekið verður á trúnaðarbresti
lykilstjórnenda. Almenningsur fær líklega ekki forkaupsrétt í fyrirtækinu.

ORKUMÁL „Það er öllum ljóst að
það var um þetta ágreiningur í
okkar hópi,“ sagði Vilhjálmur Þ.
Vilhjálmsson borgarstjóri að
loknum fundi borgarfulltrúa
Sjálfstæðisflokks í gær. „En
okkur tókst á þessum fundi að
leysa þessi mál.“

Niðurstaða fundarins var sú að
hlutur Orkuveitu Reykjavíkur í
Reykjavík Energy Invest verður
seldur á næstunni. Haukur Leós-
son, stjórnarformaður Orkuveit-
unnar og stjórnarmaður í REI,
skal víkja úr sæti sínu á næstu
dögum, þrátt fyrir að hafa staðið
sig „frábærlega vel“ að mati
borgarstjóra.

Vilhjálmur sagði að aldrei hefði
staðið til að vera til lengri tíma í
rekstrinum og að með þessu yrði
innleystur tíu milljarða hagnaður,
sem færi í að greiða niður skuldir
borgarinnar. „Þetta er alveg í þeim
dúr sem upp var lagt með á sínum
tíma,“ sagði Vilhjálmur.

Borgarfulltrúi sjálfstæðis-
manna mun nú taka sæti Hauks í
stjórn Orkuveitunnar „til að bæta
tengslin og upplýsingaflæði milli
þessa góða fyrirtækis og borgar-
fulltrúa,“ sagði Vilhjálmur, sem
sjálfur situr í stjórn OR.

Gísli Marteinn Baldursson sagði
að farið yrði yfir hvernig „lykil-
stjórnendur“ Orkuveitunnar hefðu
hagað sér í málinu. „Við upplifð-
um ákveðinn trúnaðarbrest þar.“

Gísli sagði að við hefði mynd-
ast milli vina í Sjálfstæðisflokkn-
um og flokksmenn hefðu verið
óánægðir með málið. Aldrei hefði
þó komið til greina annað en að
leysa ágreininginn.



FUNDUR BORGARFULLTRÚA SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Vilhjálmur Þ. Vilhjálms-
son borgarstjóri sagði að loknum fundi að ágreiningur innan hópsins hefði verið leystur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við töldum að þetta væri
rekstur sem borgin ætti ekki að
vera í,“ sagði hann. Aðrir borgar-
fulltrúar líktu blöndu einkarekst-
urs og opinbers reksturs við olíu
og vatn.

Enginn borgarfulltrúa mót-
mælti þó hinn 7. mars þegar Guð-
laugur Þór Þórðarson lagði fram
tillögu um stofnun REI, sem hluta-
félags í útrás. Guðlaugur tók þá
fram að með hlutafélagsforminu

yrði hægt að taka samstarfsaðila
beint inn í félagið.

Spurður hvort eigendum Orku-
veitunnar, borgarbúum, yrði gef-
inn forkaupsréttur í REI sagðist
borgarstjóri hafa efasemdir um
að rétt væri að hvetja fólk til
áhættufjárfestingar. „Við munum
leita til þeirra stofnana sem eru
viðurkenndar í slíku ferli,“ sagði
hann.

klemens@frettabladid.is

Svandís Svavarsdóttir:

NIÐURSTAÐAN ER KATTARÞVOTTUR

„Þessi niðurstaða er kattarþvottur,“
segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti
Vinstri grænna í borgarstjórn.



„Hún snýst um
að viðhalda
völdum Sjálf-
stæðisflokksins
og hún snýst
jafnframt um
að Framsóknar-
flokkurinn eigi
að vera þarna
áfram við völd.“

Hún segir sérstakt að ákvörðunin
virðist hafa verið tekin án aðkomu
fulltrúa Framsóknarflokksins.

Um ákvörðunina sjálfa segir
Svandís hana vera út í hött. Fjöldi
lykilspurninga sé enn ósvarað um
hlutverk fyrirtækisins og sölu hlutar
Orkuveitunnar.

Dagur B. Eggertsson:

ÁKVÖRÐUNIN MEÐ ÓLÍKINDUM

„Mér finnst þetta með ólíkindum,“
segir Dagur B. Eggertsson, oddviti
Samfylkingar í borgarstjórn, um
þá ákvörðun sjálfstæðismanna að
selja hlut Orkuveitunnar í REI. „Það
er greinilegt að almannahagsmunir
eru víðs fjarri þegar Sjálfstæðis-
flokkurinn



reynir að sleikja
innanflokks-
sárin.“

Hann segir
að mikið muni
reyna á Björn
Inga Hrafnsson
næstu
daga. „Ætla

Framsóknarflokkurinn að
standa á því að borgarbúar og
eigendur Orkuveitunnar verði
af þeirri verðmætaaukningu
sem fyrisjáanlegt er að verði í
orkuútrásinni á næstu árum bara
út af einhverri frjálslyggjuskotinni
menntaskólaspeki sem hefur gripið
um sig meðal sjálfstæðismanna?“

Norðurland–Akureyri

FAAS

Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúkdóla og annarra skyldra sjúkdóma

Fræðslufundur um málefni fólks með Alzheimerssjúkdóminn

og aðra heilabilunarsjúkdóma verður haldinn í salnum í Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri miðvikudaginn 10. október kl. 17:30. Sr. Gylfi Jónsson sóknarprestur, Kristín Inga Hannesdóttir taugasálfræðingur og María Th. Jónsdóttir flytja erindi.

Allir eru velkomnir og kaffisopi á eftir

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

TÖLUVERÐ ÚR-KOMA Í NÓTT

Í dag verður töluverð skilafélaga suður af landinu sem mér sýnist að úr geti fallið dálítil rigning sunnan til en slydda eða jafnvel snjókoma við austurströndina. Í nótt gengur svo eindregið úr komuloft yfir landið með töluverðri rigningu sunnanlands og vestan. Í fyrramálið verður svo komin rigning eða slydda á Norður- og Austurlandi. Vindasamt verður í fyrramálið en lægir smám saman.

REYKJAVÍK Í DAG

Austan 5-8 m/s. Dálítil rigning. Hiti 4-8 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegis »

um hádegis »

Kaupmannahöfn	13°C hálfskýjað	London	17°C rigning	Friedrichshafen	17°C léttskýjað
Billund	13°C léttskýjað	Paris	17°C skúrir	Luxemborg	16°C hálfskýjað
Oslo	10°C hálfskýjað	Amsterdam	16°C léttskýjað	Alicante	25°C hálfskýjað
Stokkhólmur	10°C hálfskýjað	Frankfurt	17°C hálfskýjað	Róm	23°C hálfskýjað
Gautaborg	13°C heiðskirt	Berlin	13°C hálfskýjað	Las Palmas	26°C hálfskýjað

* Vinndraði er í metrum á sekúndu.

TRYGGT

TRYGGT

TRYGGT

ÓTRYGGT?

ÓTRYGGT?

OKKAR

SPARNADUR MEÐ ÖRORKUVERND FYRIR BÖRN

OKKAR er hvort tveggja í senn örorkutrygging fyrir barnið þitt og sparireikningur sem tryggir fjárhagslega framtíð þess. Bótapættir barnatryggingarinnar eru örorkubætur, dagpeningar vegna sjúkráhússdvalar, umönnunarbætur og dánarbætur.

OKKAR snýst um fjárhagslegt framtíðaröryggi barnsins þíns

Pantaðu tíma hjá ráðgjafa á kaupthing.is eða í síma 444 7000.



KAUPÞING LÍF

OKKAR er samstarfsverkefni Kaupþings og Kaupþings Lífs
Kaupþing Líf, Sóltúni 26, 105 Reykjavík

KJÖRKASSINN



Á Bjarni Ármannsson að láta kaup sín í REI ganga til baka?

Já

73%

Nei

27%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að fylgjast með tendrun friðarsúlunnar í Víðey á þriðjudagskvöld?

Segðu skoðun þína á [visir.is](#)



Rannsókn lokið hjá lögreglustjóraembættinu á Selfossi:

Byrgismál til ríkissaksóknara

LÖGREGLUMÁL Sá hluti Byrgismálsins svokallaða sem snýr að meintri kynferðislegri misbeitingu Guðmundar Jónssonar á fyrrverandi skjólstæðingum sínum hefur verið sendur í annað sinn frá embætti lögreglustjórans á Selfossi til ríkissaksóknara. Átta konur höfðu lagt inn kæru á hendur Guðmundi í Byrginu fyrir meinta misbeitingu. Sýslumaðurinn á Selfossi hóf rannsókn málsins í desember á síðasta ári og lauk henni í byrjun aprílmánaðar. Í kjölfarið var málið svo sent til ríkissaksóknara, sem bað um frekari gögn. Skýrslutökur hafa farið fram hjá lögreglu-



BYRGISMÁL Átta konur hafa kært Guðmund Jónsson fyrir misbeitingu.

stjóraembættinu á Selfossi að undanförunu. Málið var svo sent til embættis ríkissaksóknara í gær, sem tekur ákvörðun um hvort ákært verður eða málið látið niður falla. „Rannsókn málsins var umfangsmikil og hefur tekið langan tíma,“ segir Gunnar Örn Jónsson, fulltrúi lögreglustjóra. „Þetta er áreiðanlega einhver umfangsmesta rannsókn sem hefur verið sinnt hér.“ Hinn efnahagslegi þáttur er varðar fjármál Byrgisins og forsvarsmanna þess er enn til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra. - jss

Sektaður um 80.000 krónur:

Fjallkóngur á torfæruhjól

DÓMSMÁL Karlmaður sem ók óskráðu vélhjól við að smala fé á Mývatnsröræfum hefur verið dæmdur til að greiða áttatíu þúsund krónur fyrir brot gegn umferðarlögum. Maðurinn, sem var fjallkóngur, ók eftir þjóðvegi á torfæruhjólínu á móti lögreglubífreði. Þegar lögreglan hugðist hafa afskipti af honum og mæla hraða hjólsins blússaði hann út af veginum. Eftir það ók hann utan merktra vega og slóða. Fjallkóngurinn var einnig ákærður fyrir að hafa brotið gegn lögum um náttúruvernd en sýknaður af þeim ákærulið. - jss

Frosin læsing?

Náðu þér í lása„sprey“ með afmæliskorti Olís



Þú færð afmæliskortið á næstu Olís-stöð.





MANNAUÐUR

HVERNIG KOM FJÖLSKYLDAN ÞÍN ÚT Á SÍÐASTA ÁRSFJÖRDUNGI?

HÁSKÓLI FJÖLSKYLDUNNAR

Hjá MANNAUÐI er einn laugardagur í mánuði tileinkaður foreldrum og börnum þar sem fjölskyldan fær fræðslu í bland við skemmtun.

Við byrjum laugardaginn 13. október. Nánari upplýsingar og skráning á [mannaudur.hr.is](#)

MANNAUÐUR er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík, Landsbankans, Deloitte, Morgunblaðsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Landsbankinn er meginstyrktaraðili verkefnisins.



Telur EES-samning brjóta stjórnarskrá

Forseti EFTA-dómstólsins segir EES-samninginn yfirþjóðlegan samning. Sé það rétt stangast lögleiðing hans á við stjórnarskrá. Lagaprófessor stendur við fyrra álit og segir samninginn ekki yfirþjóðlegan. Taka þarf af skarið segir ráðherra.

STJÓRNMÁL Forseti EFTA-dómstólsins telur samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) yfirþjóðlegan samning, sem þýðir að hann standist ekki íslensku stjórnarskrána. Þetta stangast á við íslenskt lögfræðiálit frá árinu 1991 þar sem lögspekingar komust að því að samningurinn væri ekki yfirþjóðlegur, en hann gæti í framtíðinni orðið það. Birt er grein eftir Carl Baudenbacher, forseta EFTA-dómstólsins, í nýjasta hefti Tímarits lögfræðinga. Þar segir hann að ekki sé nauðsynlegt að svara þeirri spurningu hvort EES-samningurinn hafi verið yfirþjóðlegur í upphafi, aðalatriðið sé að hann sé í raun yfirþjóðlegur samningur í dag.

Vangaveltur um það hvort EES-samningurinn sé yfirþjóðlegur vekja upp spurningar um það hvort samningurinn standist íslensku stjórnarskrána. Til að samningurinn standist stjórnarskrá má hann ekki fela í sér afsal á löggjafarvaldi, dómssvaldi eða framkvæmdavaldi, segir Stefán Már Stefánsson, prófessor við lögfræðideild Háskóla Íslands. Yfirþjóðlegur samningur taki fram fyrir hendur stjórnvalda, sem þurfi að afsala sér valdi til að hann taki gildi. Til að slíkt væri heimilt þyrfti að breyta stjórnarskránni.

Í áliti sem fjórir lögfræðingar unnu árið 1991 var fjallað um það hvort EES-samningurinn stæðist íslensku stjórnarskrána. Var það mat lögfræðinganna að svo væri, samningurinn væri þjóðréttarsamningur og ekki yfirþjóðlegur. Þó var bent á að hann gæti í framtíðinni orðið það.

Stefán Már var einn þeirra lögmanna sem stóðu að álitinu. Hann segir niðurstöðu Baudenbachers umdeilanlega. „Ég get ekki séð að það þó einhver dómari tali svona [skipti máli], hann hefur enga heimild til að tala fyrir hönd dómsins,“ segir Stefán. „Svo má deila um það hvort hann eigi að láta hafa svona eftir sér.“

Stefán segir það enn sína skoðun að EES-samningurinn sé ekki yfirþjóðlegur, og stangist þar með ekki á við stjórnarskrána.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra fjallar um yfirlýsingu Baudenbachers í pistli á vef sínum. Hann segir að í ljósi afdráttarlausrar niðurstöðu Baudenbachers um yfirþjóðlegt gildi EES-samnings-



EES-SAMNINGURINN Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins, segir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið yfirþjóðlegan samning. Sé það raunin er lögleiðing hans hér á landi brot á stjórnarskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SAMKEPPNISLÖG BRJÓTA STJÓRNARSKRÁ

Þótt EES-samningurinn brjóti ekki gegn stjórnarskránni að mati Stefáns Márs Stefánssonar háskólaprófessors segir hann þó dæmi um íslensk lög sem geri það. Hann skrifaði ásamt fleirum álit vegna samkeppnislaga sem sett voru árið 2005. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að íslenskir dómstólar séu í raun bundnir af niðurstöðu erlendra dómstóla.

Í samkeppnislögum segir: „Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir [...] í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun.“

Þar með segir Stefán að brotið sé gegn stjórnarskrá með því að afsala dómssvaldinu til erlendra dómstóla. Til þess að það standist þurfi að breyta stjórnarskránni. Ekki var tekið tillit til þessa sjónarmiðs við lagasetninguna heldur voru ákvæðin lögfest af Alþingi og tóku gildi 1. júlí 2005.

ins sé óhjákvæmilegt að „halda umræðum um inntak stjórnarskrárákvæðanna vakandi og taka af skarið á fortakslausan hátt um heimildina til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, sem verður sífellt meira og víðtækara“. brjann@frettabladid.is

Dagbjört Rós Halldórsdóttir hefur stefnt barnsföður sínum í Bandaríkjunum:

Vonast til að fá barnið heim fyrir jól

DÓMSMÁL Dagbjört Rós Halldórsdóttir, ung móðir sem ekki hefur fengið að sjá dóttur sína, sem nú er tuttugu mánaða, í um það bil fjóra mánuði, hefur stefnt barnsföður sínum.

Dagbjört fluttist með eiginmanni sínum til heimalands hans, Bandaríkjanna, fyrir rúmu ári. Henni var vísað úr landi ásamt syni sínum í maí á þessu ári þar sem dvalarleyfi þeirra hafði ekki verið endurnýjað því maður hennar neitaði að skrifa undir það. „Hann lofaði svo að koma með hana í sumar þar sem móðir mín er krabbameinssjúk og vildi fá að sjá hana. Hann stóð ekki við það,“ segir Dagbjört.

Dagbjört segist hafa orðið sér úti um góðan lögfræðing og búið sé að ganga frá mikilli pappírsvinnu. Barnsfaðir hennar hefur ekki litlu stúlkuna á heimili sínu heldur býr

barnið hjá foreldrum hans. Segist Dagbjört vona að lítið verði til þess þegar þau verða kölluð fyrir rétt. „Ég get samt ekki sótt um leyfi til að koma til Bandaríkjanna fyrr en ég veit hvenær ég á að koma fyrir rétt,“ segir Dagbjört. Það sem hún segir helst geta orðið sér erfið í málinu er að hún vill fara með barnið til Íslands aftur.

„Svo heppilega vill þó til að málið verður sótt í Norður-Dakóta en þar eru margir íbúar ættaðir frá Norðurlöndum og hafa því vitneskju um að lífsskjör hér á landi eru ekki síðri en í Bandaríkjunum. Ég ætla bara að leyfa mér að vona að hún verði komin til mín um jól.“ - kdk

MÆÐGURNAR Dagbjört Rós bíður eftir að geta sótt um leyfi til að fara til Bandaríkjanna og sækja mál sitt fyrir rétti. MYND/DAGBJÖRT



SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



Toyota Land Cruiser 120 VX
4000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.06 Ekin: 23.000 km
Verð: 4.990.000 kr. Skr.nr. SK-492



Lexus RX400H Luxury Navi M/L
3300 Bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 09.05 Ekin: 53.000 km
Verð: 5.650.000 kr. Skr.nr. LI-940



Toyota Hilux D/C 2.5SR
2500 Dísil 5 gíra 35" breyting, krómgrind á palli, dráttarbeisli, grillgrind ryðfrí
Á götuna: 09.06 Ekin: 13.000 km
Verð: 3.690.000 kr. Skr.nr. KX-340



Toyota Rav4
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.03 Ekin: 57.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. AR-286



Toyota Yaris Terra 5 dyra
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekin: 45.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Skr.nr. BM-373



Toyota Corolla S/D Terra
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekin: 52.000 km
Verð: 1.400.000 kr. Skr.nr. TN-788



Toyota Corolla H/B Terra
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekin: 41.000 km
Verð: 1.490.000 kr. Skr.nr. ZX-111



Toyota Corolla S/D Sol
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekin: 48.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Skr.nr. SU-581



Toyota Avensis S/D Sol
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekin: 55.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. DP-114



Toyota Yaris
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekin: 45.000 km
Verð: 1.160.000 kr. Skr.nr. OK-911



Toyota Yaris Terra 5 dyra
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekin: 41.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Skr.nr. YT-031



Toyota Yaris Terra 5 dyra
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekin: 52.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Skr.nr. ML-021

BNB-sölugreining
Bílamir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR  **TOYOTA**

TASKI



Gólfþvottavélar á rekstrarleigu


Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.

TASKI swingo XP

TASKI swingo 3500 B

TASKI swingo 1250 B

TASKI swingo 750 B



TASKI swingo gólfþvottavélar
Einfaldar í notkun - liprar og leika í höndunum á þér

TASKI Swingo 1250 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér



Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Warren Buffett: Sjálfstæði í hugsun og athöfnum

Fjárfestakvöld fimmtudaginn 11. október nk.
Thorvaldsen Bar - Austurstræti 8-10
(Bertelstofa) frá kl: 20.00-22.00

Mikið hefur verið ritað um fjárfestingaraðferðir Buffett í gegnum tíðina. Hann hefur þó sjálfur sagt að þekking á fjármálum skipti litlu ef fjárfestirinn búi ekki yfir sjálfstæðri hugsun, visku til að þekkja og forðast alvarlega áhættu og einnig skilningi á eðli manna og stofnana.

Í þessum fyrirlestri er skyggst í bakgrunn Buffett. Fjallað er um hvernig fjárfestingarstefna hans miðaðist upphaflega og með hvaða hætti hún hefur þróast. Þó svo að stefnan hafi breyst í gegnum tíðina hafa ýmsir þræðir haldist óbreyttir og eru undirstaða velgæni hans í fjárfestingum í yfir 50 ár.





FYRIRLESARI

Már Wolfgang Mixa starfar sem sérfræðingur í eigin viðskiptum hjá Icebank. Már er með B.S. próf í fjármálafræðum og B.A. próf í heimspeki frá University of Arizona, auk þess að vera löggildur verðbréfamiðlari hérlandis og vestan hafs.

Már hefur ritað fjölda greina um fjármál síðasta áratuginn, meðal annars nokkrar um Warren Buffett.

Skráning fyrirfram æskileg - takmarkað sætaframboð !
Vinsamlega skráið þátttöku á vef FVH, www.fvh.is eða í síma 551 1317.
Aðgangur gjaldfrjáls fyrir félagsmenn FVH en 1500 kr. fyrir aðra.

Halldí í samstarfi við:



ASÍ óskar eftir því að aðildarfélögin skoði hugmyndir um áfallatryggingasjóð:

Vill fá svör um framhaldið

VINNUMARKAÐUR Alþýðusamband Íslands, ASÍ, hefur óskað eftir því við aðildarfélög sín að þau skoði í þaula hugmyndir um nýjan áfallatryggingasjóð og svari því fyrir lok mánaðarins hvort ASÍ fái formlegt umboð til að fara í viðræður við Samtök atvinnulífsins, SA, um þetta mál.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að hugmyndirnar hafi verið kynntar vítt og breitt á vettvangi ASÍ og fengið jákvæð viðbrögð. Þannig hafi til dæmis Starfsgreinasambandið samþykkt nýlega að halda áfram að skoða þær.

Hugmyndirnar feli í heildina í sér gríðarlega mikinn réttindaauka og menn hafi tekið vel í þær. Þó sé ljóst að komið hafi fram lítil og þröng dæmi um galla kerfisins, þau sjötíu prósent í allt að fimm ár.

GYLFI ARNBJÖRNSSON

hafi verið skoðuð því að menn vilji finna á þeim lausnir.

Gylfi segir að hugmyndirnar hafi verið kynntar fyrir BSRB. „Við höfum viljað kynna þetta fyrir fleirum með þeirri spurningu hvort þetta sé það áhugavert að það geti orðið fyrirmynd að nýju kerfi en við höfum bara forræði á okkar samningum og höfum bara kynnt okkar hugmyndir,“ segir hann.

Hugmyndir ASÍ ganga út á það að færa réttindi frá almannatryggingum, lífeyrissjóðum og atvinnurekendum í einn áfallatryggingasjóð þannig að þeir sem slasast eða veikjast fá nútíu prósent af grunnkaupi, svo áttatíu prósent og loks

- ghs

Sjúklegur sálfræði-hernaður og ofbeldi

Fimm ungumenni komu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í gær þar sem fram fór aðalmeðferð í ofbeldismáli sem varðar rán, ofbeldi og morðhótanir. Þau sögðust hafa neytt fíkniefna í mi klu magni og sum þeirra verið „í miklu rugli“.

DÓMSMÁL „Ég veit ekki hvort þetta var í sjúklegum sálfræðihernaði. Þetta var ekkert planað fyrirfram.“ Þetta bar ung kona í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hún er ein fimm ungumenna, sem ákærð eru fyrir frelsissviptingu, húsbrot, rán, gróft ofbeldi og morðhótanir gegn manni á fer-tugsaldri í Reykjavík.

Konan og þáverandi kærasti hennar höfðu setið að drykkju í janúar með meintu fórnarlambi nóttina áður en atburðurinn átti sér stað. Kærastinn fyrrverandi bar fyrir dómi í gær að fórnarlambið hefði verið búið að „angra“ kærustuna sína „síðustu daga“. Kærastan sagði hins vegar fyrir dómi að fórnarlambið hefði verið að ræna kærastann sinn „í hvert skipti sem hann sofnaði“.

Um morguninn keyrði fórnarlambið konuna heim en kærastinn varð eftir í íbúðinni. Þegar fórnarlambið kom heim var hinn á bak og burt með fartölvu sem hann hafði tekið í íbúðinni.

Kvöldið eftir tóku hin ákærðu svo hús á manninum, nú fimm saman. Konan sagði honum að hún ætlaði að skila honum tölvunni. Hann hleypti henni inn og fjórmenningarnir fylgdu í kjölfarið. Tilgangur ferðarinnar var sagður sá að sækja bíllykla sem „kærastinn“ hefði skilið eftir þegar hann yfirgaf íbúðina um morguninn.

Tveir mannanna þvinguðu fórnarlambið til að setjast á stól í eldhúsinu og konan batt manninn

OFBELDI Í NEYSLU Sum ungumennanna kváðust hafa verið í mikilli neyslu þegar atburðurinn átti sér stað. Einn mannanna kváðust hafa verið undir áhrifum fimm tegunda af fíkniefnum og áfengis. Hér sjást tveir sakborninga ganga í dómssal.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

síðan fastan, keflaði hann með munnkúlu með áfastri ól og setti leðurgrímu yfir höfuð hans.

Ekki bar sakborningum saman um hvernig né hversu miklu ofbeldi maðurinn hefði verið beittur, ekki heldur hverjir hefðu verið þar að verki. Í ákærinni segir að tveir mannanna hafi kýlt hann í andlitið og sparkað í hann. Annar þeirra hafi hellt kveikjara-bensíni yfir hann. Honum hafi verið hótad frekari barsmíðum, að tennurnar í honum yrðu mölv-aðar og borað yrdi í hnéskeljar

hans. Einnig að honum hafi verið hótad að dælt yrði í hann úr sprautu þannig að hann hlyti bana af. Þá hafi honum verið ógnað með hnífi og hann barinn með járnstöng.

„Ég vissi ekki að þetta myndi snúast upp í eitthvert geðveikt ofbeldi eða þannig,“ sagði einn sakborninga, sem kváðust hafa heyrt óp úr eldhúsinu.

Fimmmenningarnir höfðu á brott með sér bifreið mannsins, tölvu, prentara og fleiri verð-mæti.

jss@frettabladid.is

Símsölumaður Neytendasamtakanna hljóp á sig við að afla nýrra félaga:

Rukkaði um gjöld að ósekju

NEYTENDUR Neytendasamtökin gerðu á dögunum átak til að laða fleiri félagsmenn að samtökunum og komast að því hverjir af skráð-um félögum vildu vera áfram í þeim og hverjir ekki. Þau sendu meðal annars lesanda blaðsins reikning þar sem hann var rukkaður um vangoldin félagsgjöld. Sá hafði aldrei gengið í samtökin.

Reikningurinn var sendur eftir að símsölumaður hafði fengið leyfi til að senda lesandanum upp-lýsingar um samtökin, ásamt valkvæðum giróseðli, færi svo að lesandinn vildi ganga í þau.

Á seðlinum stóð hins vegar: „Vakin er athygli á ógreiddum greiðsluseðli fyrir félagsaðild yðar árið 2007 í Neytendasamtök-unum. Vinsamlega gangið frá greiðslu sem fyrst.“

Rætt er um „skuldastöðu“ við-takanda, en tekið er fram að ekki standi til að senda seðilinn í inn-

Í BANKANUM Lesandi Fréttablaðsins fékk reikning fyrir þjónustu sem hann hafði aldrei bedið um, það er að vera félagi í Neytendasamtökunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JÓHANNES GUNNARSSON

heimtu og fólki boðið að gera athugasemdir við seðilinn.

Spurður hvort Neytendasam-tökin séu ekki mótfallin slíkum aðferðum, segir Jóhannes Gunn-arsson, formaður þeirra, að um mistök hafi verið að ræða. Síms-

sölumaðurinn hafi óviljandi skráð lesandann sem félag.

„Þetta er mjög leiðinlegt. Í slík-um tilvikum biðjumst við velvirð-ingar og viðkomandi er umyrða-laut tekinn út af skrá,“ segir Jóhannes.

- kóp

Netið þjargaði okkur!

Það er orðið mun algengara að fólk sjái um bankaviðskipti sín á netinu. Þessi þjónusta eykur frelsi viðskiptavinarins og gerir honum kleift að ganga frá sínum málum hvar og hvenær sem er. Það var þakklátur viðskiptavinur SPRON sem hringdi í þjónustufulltrúa bankans og lýsti yfir ánægju sinni með þjónustuna. Málum var þannig háttað að hann var staddur í Bandaríkjunum þegar hann fékk óvænt símtal frá konu sinni. Hún var á Heathrow-flugvelli á leið að hitta mann sinn og hafði lent í því að Visakortið hennar virkaði ekki og hún var ekki með inneign á reikningi sínum. Maðurinn sagði að heimabankinn væri alger himnasending. Þau áttu bókaða skemmtisiglingu um Karabíska hafið daginn eftir og hefði hann ekki notið þjónustu SPRON hefðu þau líklega ekki komist í þá ferð. Það tók hann aðeins tvær mínútur að þjarga málunum. Þessi ánægði viðskiptavinur lét það fylgja sögunni að hann væri þakklátur SPRON fyrir að hafa þessa þjónustu svona einfalda því að hann væri ekki mikill tölvumaður. Einnig hrósaði hann bankanum fyrir að hafa þennan reikning líka án krafna um að nýta sér aðra þjónustu bankans.

NJÓTTU netsins!

SPRONnet

Nýr hagstæður debetreikningur á netinu

YFIRDRÁTTARVEXTIR
FRÁ 17,10%

INNLÁNSVEXTIR
ALLT AÐ 13,85%

ÁRGJÖLD = 0 KR.

Nýttu þér netið
Kynntu þér málið á spron.is

75 ára



SILFURnet | GULLnet | PLATINUMnet



NATO-ÆFING Í KRÓATÍU Herþyrlur á flugi yfir æfingasvæði Króatíuhers á sameiginlegri æfingu með NATO-herliði. Króatía biður inngöngu í NATO.

MYND/AP

Anna Pála Sverrisdóttir, nýkjörinn formaður Ungra jafnaðarmanna:

Hækka á laun kvennastétta

STJÓRN MÁL „Okkar skýra stefna er að við ætlum að vera öflugasta ungliðahreyfing landsins,“ segir Anna Pála Sverrisdóttir, nýkjörinn formaður Ungra jafnaðarmanna (UJ). Í fyrsta sinn í sögu UJ sitja konur í embætti bæði varaformanns og formanns, en Eva Kamilla Einarsdóttir var kjörin í embætti varaformanns á landsfundi UJ sem fór fram nú um helgina. Líklega er það einnig í fyrsta sinn sem tvær konur sitja í efstu embættum landsfélags ungliðahreyfingar.

„Nýja stjórnin á eftir að hittast og leggja drög fyrir árið. En það er ekki nóg að gera starfsáætlun, heldur verðum við líka að vera



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR Ungir jafnaðarmenn fjölmenntu á landsfund um síðustu helgi.

vakandi og geta brugðist skjótt við. Við munum áreiðanlega koma sjálfum okkur og öðrum á óvart.“

Landsfundurinn var haldinn undir yfirskriftinni Breytum rétt og segir Anna Pála það vísa til

nýrrar stöðu Samfylkingarinnar í ríkisstjórn.

„Á þinginu var breið samstaða um að hafna frekari uppbyggingu áliðnaðar, enda eru Ungir jafnaðarmenn miklir umhverfisverndarsinnar. Þá kom upp skemmtilegur frasi sem er aðskilnaður ríkis og landbúnaðar. Við viljum afnema haftastefnu í landbúnaði sem bændur og neytendur tapa á. Annað mjög aðkallandi mál er laun kvennastétta í opinberri velferðarþjónustu. Þetta eru stéttirnar sem halda samfélaginu saman. Ef við getum ekki greitt þeim sómasamleg laun þurfum við verulega að endurskoða verðmætamat okkar.“

- eb

Veðiðmaður í Svíþjóð:

Dó eftir árás skógarbjarnar

SVÍÐJÓÐ, AP Sænskur elgveiðimaður fannst látinn fyrir utan veiðikofa sinn í Jämtland-sýslu í Norður-Svíþjóð, nærri landamærunum að Noregi, og að sögn lögreglu er talið að árás skógarbjarnar hafi orðið honum að aldurtíla.

„Sárin á líkinu benda til að maðurinn hafi verið klóraður af birni og bjarnarskítur fannst skammt frá,“ sagði Ann-Christin Johnsen, talskona lögreglunnar.

Mjög sjaldgæft er að villtir birnir verði fólk að bana í Svíþjóð. Það gerðist síðast árið 2004 en þar á undan liðu næstum 100 ár frá síðasta þekkta tilvik.

- aa

Boðað er til hluthafafundar í

Fasteignafélaginu Stoðum hf.

Boðað er til hluthafafundar í Fasteignafélaginu Stoðum hf. sem verður haldinn miðvikudaginn 17. október 2007 kl. 10:00 á starfsstöð félagsins í Kringlunni 4-12, í Reykjavík.

Dagskrá:

1. Tillaga stjórnar um breytingu á nafni félagsins og breytingu sem af því leiðir á samþykktum þess.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillagan liggur frammi til sýnis fyrir hluthafa á starfsstöð félagsins í Kringlunni 4-12, í Reykjavík.

Stjórn Fasteignafélagsins Stoða hf.

FASTEIGNAFÉLAGIÐ



STODIR HF.

Kringlótt 4-12 • DE 101 Reykjavík • Síðasta
Síðasta • 394 878 0000 • Fax • 394 878 0000

Saksóknarinn í Moskvu:

Veit hver myrti Politkovskaju

RÚSSLAND, AP Yfirsaksóknarinn í máli rússnesku blaðakonunnar Önnu Politkovskaju, sem myrt var í Moskvu fyrir ári, segist nú



ANNA POLITKOVSKAJA

vita hver morðinginn er. Hann hefur þó ekki nefnt hann opinberlega.

Alternatarar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og nið-urg. startarar. Varahlpj. S. 568 6625. www.velarehf.is

Partasalan Sími 557 7740
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

TIL SÖLU



Frúin hlær í betri bíl

Eigum mikið úrval bíla á góðu verði

Kjör við allra hæfi

Bílasala Guðfinns - alltaf fyrst með nýjungarnar



Kobiety usmiechaja sie w lepszych samocho-dach.

Duzy wybor samocho-dow w przystepnych cenach.

Mamy najlepsze rozwia-zania splat kredytu.

Bílasala Guðfinns - zawsze pierwsi na liscie nowosci

Bílasala Guðfinns
Stórhöfða 15 við Gullinbrú • sími 562 1055



SCANIA R500 Árgerð 2006, ekinn 6800 km. Bíll með löstum palli og lönnum skjólbörðum, auká ljós og verkfærakassar. HÍAB 166 HI PRO E5 krani. Opécruise og Retarder. MJÖG VEL BÚINN BÍLL VERÐ 12,5 millj. + vsk.



SCANIA 124 420 Árgerð 2004, ekinn 195.000 km. 6X4 dráttarbíll með loftfjörðum að aftan, og Opécruise og Retarder. Carmel malarvagn Árgerð 2005. VERÐ 8.0 millj. + vsk. SETTÍÐ



CATERPILLAR D6N LPG Árgerð 2004, ekinn 4150 tíma. Vel í góðu ástandi og gott útlit. VERÐ 12,7 +vsk.



CATERPILLAR D10T Árgerð 2005, ekinn 5600 tíma. Góð vel í góðu viðhaldi.



CATERPILLAR 322CL Árgerð 2005, ekinn 1500 tíma. Villn er sem ný. Hraðtengi og skófla. VERÐ 12,9 millj. + vsk.



JCB 4 SUPER Árgerð 2003, ekinn 4100 tíma. Vel umgengis vill gott útlit, hraðtengi og fjórar skóflur. VERÐ 4.850.000 + vsk.



B-XL Fjöruga óxla vélavagn Árgerð 2007. Burðargeta 54.000 kg gussa slökkur, beigur á tveimur öftustu öxum, harðvödur í góðl. VERÐ 5,7 millj. + vsk.

HEKLA

Klettagöðrum 8-10
www.hekla.is/velavidd

Sólumaður 825-3736

Japanskar Vélar/Bilstart, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opíð 08-18. S. 893 2284 & 565 3400, partasolur.is

Við erum flest allir á www.partasolur.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Einnig airbag. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Grand Chorkee árg.'93 varahlutir til sölu. Uppl. í s 896 5120.

Viðgerðir**Bílaverkstæðið Skúffan.**

Allar almennar bílaviðgerðir. Stuttur bið-tími. Fljót og góð þjónusta. Smiðjuvegur 11e, 200 Kóp. S. 564 1420.

KEYPT & SELT**Til sölu**

EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.



Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Eldavél á 8 þ. Frystikista á 10 þ. Nýr flottur eldavelahúfur á 15 þ. Uppþvottavél á 10. Þurrkari á 10 þ. Tölvuflatskjár á 5 þ. 28" tv á 10 þ. 20" á 5 þ. Barnakerra á 3 þ. Línuskautar á 3 þ. Þvottavél á 10 þ. Örbýlgjuofn á 4 þ. Glerskápur á 3 þ. Barstólar á 3 þ. S. 896 8568.

Þvottavélar og þurrkarar

Til sölu nokkrar yfirfamar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar. Tökum bílað uppl. Einnig varahlutir í þvottavél-ar. S. 847 5545.

Ca. 300 fm af filteppi til sölu fæst fyrir lítið. Uppl. í s. 899 9769.

Óskast keypt**Þrójónavél**

Vantar PASSAP Duomatic þrójónavél með mótör og fjór-földum litaskipti. Upplýsingar í síma 553 6703.

Hljóðfæri

Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilli-flauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harm-onikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Tölvur**Til bygginga**

Vantar notað timbur 2X4, 1X6 eða dokaborð. Uppl. í s. 849 5399.

Verslun**ÞJÓNUSTA****Hreingerningar**

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingar-þrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Tek að mér þrif í heimahúsum, flutningsþrif og hreingerningar, vönduð vinnubrögð. Föst verðtilboð. Uppl í s. 663 1901.

Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum á höf-uðborgarsvæðinu, upplýsingar í síma 847 7959.

Garðyrkja**Garðþjónusta H.G.**

Öll helstu garðverk, hellulagnir, sólpall-ar. Uppl. í s. 699 8509.

Málarar**Þarftu að láta mála?**

Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.


Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Húsaviðhald

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrv-iðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstipv. - þakþéttiefni (500% teygj-anl.)



Viðhald, breytingar úti og inni. Sólpallar. gerum tilboð. Smíðalausnir s. 899 3011.

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.


Stíflupjónusta**Tölvur****Tölvupjónusta**

Yfir 60 fyrirtæki í föstum viðskiptum


og hundruðir einstaklinga

Kem á staðinn. Microsoft vottun.

11 ára reynsla - Miðnet ehf - Ríkharður S. 615-2000

Dulspeki-heilun**Nudd**

Massage. Maria, tel. 862 0283.

Spádómar**Alspá 445 5000**

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrir-bærir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. Visa Euro Masters. Opíð 12-24. www.spamidlun.com

Hanna 908 6040

Símaspá, fyrirbærir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

Spákona

Spákona spáir í spil, ræð drauma o.fl., gef góð ráð. Tímip. í s. 891 8727 Stella.

Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Rafvirkjun**Önnur þjónusta**

Barnamyndir! Nú er rétti tíminn! Upplýsingar á barnamyndir.com og í s. 893 3112.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**Námskeið****Helgarnámskeið í samkvæmisdönsum!**

Við verðum með helgarnám-skeið í samkvæmisdönsum fyrir byrjendur þann 13. og 14. október.

Nánari upplýsingar eru á heimsíðu okkar www.dansskoliragnars.is eða í síma 586 2600 Dansskóli Ragnars Sverrissonar.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEILSA**Heilsuvörur****Léttist um 15 kg á aðeins 10 vikum.**

LR- HENNING - Nýtt á Íslandi. Viltu léttast? Fá meiri orku? Stuðningur, einkaráðgjöf og matarþrógramm sniðið að þínum þörfum Uppl. Gefur Dóra í síma 869 2024 Eða lr-dora@internet.is / www.dietkur.is

Árangur með Herbalife í 27 ár. Þantaðu frian þrufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstilis.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

TIL SÖLU

Verkstaðismenn
Við hjá hópferðafyrirtækinu Icelandexcursions Grayline óskum eftir að ráða mann vanan viðgerðum stórra bíla. Nánari upplýsingar veitir Rúnar í síma 540 1303/ 660 1303. Umsóknareyðublöð má einnig nálgast á www.ruta.is

Málarar Athugið!
Óskum eftir málurum eða vönnum mönnum. Mikil vinna í boði og íslenskukunnátta nauðsynleg.
Uppl. í s. 857 0900.

Ræsting - Þríf
Viljum bæta við starfsfólki í þríf sem fyrst. Hentar fyrir heima-vinnandi. Unnið frá kl 08 til 12 eða 14:00, vaktir 3-2-3.
Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið veitir s. 893 2323.

Matreiðsla
Viljum ráða matreiðslumann eða mann/konu með reynslu. Leitum að ferskum og kröftugum starfskrafti sem hægt er að stóla á.
á hugasamir hafi samband í síma 893 2323 eða á staðnum eða á www.kringlukrain.is

Bakarið Hagamel 67
Óskar eftir að ráða hress og duglegt starfsfólk til afgreiðslu-starfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi. Ekki yngri en 16 ára. Íslenskukunnátta nauðsynleg
Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.



Leikskólinn Mýri
Kennari. Hvað gerðir þú skemmtilegt í London, fórstu kanski út að borða? Barn. Nei við borðuðum bara inni. Laus staða fyrir matráð sem sér um eldhús þar sem er eldað fyrir 42 börn og um 11 starfsmenn og næstum alltaf borðað inni. Við leggjum áherslu á góðan og hollan mat sem gaman er að elda. Leikskólinn er í Litla Skerjafirði nálægt miðbænum. Upplýsingar gefur Unnur Jónsdóttir leikskólustjóri í síma 562 5044 og á kvöldin í síma 561 6822.

Kaffihús, Bakarí
Bakameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurverri, Austurverri, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.
Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsóknareyðublöð á www.bakameistarinn.is

Smiður vanur hefðbundnum móta-uppslætti óskast sem fyrst í vinnu í Kópavogi. Næg verkefni framundan. Leitað er eftir öflugum, jákvæðum og heiðarlegum starfsmönnum. Uppl. í síma 8972107.

Óskum eftir starfsmanni í ræstingar, kvöld- & helgarvinna. Uppl. Tilþríf ehf s. 6973 694, Krissi.

Bilasprautun! Óska eftir að ráða starfsmann eða nema. Uppl. í s. 8971 289 og blmjkh@simnet.is

Sómi sandwiches
Wants to hire people on day shifts from 7:30- 16. Information given at Gilsbúð 210 Garðabær or tel. 565 6000.

Bókhald
Starfsmaður óskast til sjá um bókhald hjá litlu fyrirtæki. Uppl. í s.692 8091.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar



Geiri Glans fyrverandi rekstrastjóri Subway er 33 ára í dag hann er heitur Bliki & Man utd elskar nýjasta cd Jógvans og upphaldsmyndin hans er Note Book. Loki Group óskar honum til hamingju með daginn.

Einkamál

18plús.is
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

Einnota stillansefni

Til sölu 1 x 6 stillansefni á góðu verði

Magnús og Steingrímur ehf
magnush@centrum.is
Steingrímur - 897-5547
Árni - 898-9541

FASTEIGNIR

EIGNIR ÓSKAST!

Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:

- ~~4ra herbergja~~ í hverfi 109
- Rað- og eða parhúsi í 201 og 203
- Einbýlishúsi í hverfi 108, 170, 201 og 203 eða Norðurbæ Hafnarfjarðar á einni hæð.

LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ PÉR ALLA LEIÐ!

LÖGHEIMILI EIGNAMÍÐLUN

Heimir Bergmann
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
GSM: 822 3600
heimir@logheimili.is

Jónas Örn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

STÓRBORG
fasteignasala
www.storborg.is
Sími 534 8300 • Kirkjustétt 4 • 113 Reykjavík • www.storborg.is • storborg@storborg.is

RJÚPUFELL - RAÐHÚS

Frum

Fallegt og mikið endurnýjað, 155 fm 4ra herbergja raðhús, ásamt bílskúr. Húsið er í mjög góðu ásigkomulagi.

Eign sem vert er að skoða nánar.

V. 36.9 m.



Skrauthólar - 116 Reykjavík

Höfum í einkasölu fallegt einbýlishús á 1,6 ha. eignarlóð við rætur Esjunnar. Eignin skiptist í 3 svefnherbergi, 2 stofur auk borðstofu, 2 baðherbergi, vinnuherbergi, eldhús og geymslu. Flestar innréttingar og gólfefni eru ný. Útsýnið er stórkostlegt. **Verð 53,9 millj.**

Upplýsingar veitir Jón Svan í síma 891 8803

Heimahúsið Síðumúla 30

Vegna stækkunnar óskar Heimahúsið eftir því að ráða sölufólk, viðkomandi þarf að hafa reynslu af sölumennsku, hafa góða þjónustulund og áhuga á húsgögnum.

Óskum einnig eftir því að ráða starfsmann á skrifstofu í 50% starf frá 9-13.

Helstu verkefni eru samskipti við erlenda birgja og vinnsla í lagerbókhaldi, viðkomandi þarf að hafa gott vald á ensku, einnig er exel kunnátta æskileg.

Uppl gefur Ragnar 568-4242 eða 860-1107

TILKYNNINGAR



Mat á umhverfisáhrifum:

Efnistaka af hafsbotni í Hvalfirði

Björgun ehf. kynnir drög að tillögu að matsáætlun

Hafið er mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði. Efnistakan felst í útvíkkun á núverandi námum Björgunar sem hafa verið nýttar undanfarna áratugi.

Björgun ehf. er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum er unnið af VGK-Hönnun hf. og Jarðfræðistofu Kjartans Thors ehf. Á vefsíðu VGK-Hönnunar (www.vgkhonnun.is) eru nú til kynningar drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar og stendur kynningin til þriðjudagsins 23. október 2007.

Öllum er frjálst að leggja fram athugasemdir og ábendingar og skulu þær berast fyrir **26. október** til VGK-Hönnunar hf, Grensásvegi 1, 108 Reykjavík eða á netföngin rb@vgkhonnun.is og kthors@centrum.is.

FASTEIGNIR



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Grettisgata

Mikið endurnýjuð sérhæð



Mjög falleg og mikið endurnýjuð 151 fm neðri sérhæð í þrívíðishúsi í miðborginni. Íbúðin er með góðri lofthæð og skiptist í þrjú góð herbergi, tvennar bjartar samliggjandi stofur með rennihurðum og því möguleiki að nýta aðra stofuna sem herbergi, eldhús með eyju klædda grástéini og flisalagt baðherbergi. Tvær sér geymslur. **Góð eign í miðborginni. Verð 35,0 millj.**

HEIÐARHJALLI 9 - OPIÐ HÚS



Glæsilega neðri sérhæð með innbyggðum bílskúr í tvíbýlishúsi. Þrjú góð herbergi með skáp og flisalagt baðherbergi. Stofa og eldhús í opnu rými með glæsilegu útsýni. Parket og flisar á gólfum. **Verð 44,9 millj.**

Tekið á móti á hugasömum í dag á milli kl. 18 og 19.



564 6464

Síðumúla 24 • 108 Reykjavík
hof@hofid.is • www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson
lögg. fasteignasali
Jón Guðmundsson sölustjóri

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 8.541 +0,49%		Fjöldi viðskipta: 554
		Velta: 8.843 milljónir
MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN
↑ ICELANDAIR +3,25%	↓ MAREL -2,55%	
↑ EXISTA +1,99%	↓ ATLANTIC -1,76%	
↑ ATORKA +1,97%	↓ FØROYA BANKI -0,90%	

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 11,38 +1,97% ... Bakkavör 67,30 +0,15% ... Eimskipafélagið 39,40 -0,51% ... Exista 35,80 +1,99% ... FL Group 26,95 -0,37% ... Glitnir 29,25 +0,17% ... Icelandair 27,00 +3,25% ... Kaupþing 1.174 +0,60% ... Landsbankinn 43,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,50 -0,69% ... Össur 109,00 +0,00% ... Teymi 6,31 +0,16%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

Evran útilokuð án aðildar að ESB

„Það er útilokað að ganga í myntbandalag [Evrópusambandsins] án þess að vera aðili að Evrópusambandinu,“ sagði Jean-Claude Trichet, bankastjóri Evrópska seðlabankans, í gær.

Hann var þar að svara fyrirspurn frá íslenskum embættismanni sem staddur var í Brussel og hafði spurt hvort Íslendingar gætu tekið upp evruna.

Trichet benti á að besta ráðið sem hann gæti gefið Íslendingum væri að ganga í Evrópusambandið, að sögn fréttastofunnar Associated Press.

Amelía Torres, talsmaður ESB, svaraði í sömu mynt í gær en hún segir lönd utan Evrópusambandsins ekki eiga að innleiða evruna án



inngöngu í sambandið og síðan myntbandalag þess. „Forsendur fyrir innleiðingu evrunnar eru afar skýrar,“ sagði Torres.

Prettán lönd eru aðilar að myntbandalagi Evrópusambandsins og hafa þau innleitt evruna. Hún hefur hins vegar verið innleidd í tveimur löndum utan sambandsins, í Svartfjallalandi og í Kosovo auk nokkurra nýlendueyja Frakka.

- jab

JEAN-CLAUDE TRICHET Seðlabankastjóri Evrópska seðlabankans segir að vilji Íslendingar taka upp evruna eigi þeir að ganga í Evrópusambandið og síðan í myntbandalag Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



STOFNENDUR GOOGLE Þeir Larry Page og Sergey Brin eru á meðal tíu auðugustu manna Bandaríkjanna í dag en gengi bréfa í fyrirtæki þeirra, Google, hefur sjöfaldast á rétt um þremur árum.

Gengi Google í hæstu hæðum

Gengi hlutabréfa í bandaríska netleitarrisanum Google fór í rúma 601,45 Bandaríkjadali á hlut í gær, sem er hæsta verð fyrirtækisins frá upphafi. Gengið dalaði lítillega eftir því sem leið á daginn og fór undir 600 dala á markaði undir lokin.

Miðað við hæsta gengi Google í gær nam markaðsvirði þess um 25 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 1.525 milljarða íslenskra króna.

Google var skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn vestanhafs í ágúst fyrir þremur árum en gengi bréfa í fyrirtækinu fór á 85 dali á hlut í frumútbóði. Þetta jafngildir því að þeir fjárfestar sem keyptu hluti í hlutabréfaútbóði netleitarfyrirtækisins hafa ávaxtað pund sitt vel því gengi bréfanna hefur sjöfaldast á tímabilinu.

- jab



MERKI OMX Meðal nýbreytni í tillögum Kauphallarinnar er að öll skráð félög komi til greina í Úrvalsvísitöluna sama hversu lengi þau hafa verið skráð.

Úrvalsvísitalan með nýju lagi

Um næstu áramót stefnir Kauphöllin á að taka upp nýja aðferðafræði við útreikning og val á fyrirtækjum í OMXI15 vísitöluna, en hún er einnig nefnd Úrvalsvísitalan. Um leið verður valið á ný í vísitöluna.

Áhersla í val á félögum í vísitöluna verður fyrst og fremst á veltu og miðað við heildarveltu síðustu sex mánuði, í stað 12 áður. Þá verða félögin að vera meðal þeirra 15 veltumestu í Kauphöllinni.

Markmiðið er meðal annars sagt vera að laga útreikning vísitölunnar betur að því sem almennt tíðkast innan OMX Nordic Exchange. „Þar að auki er það mat Kauphallarinnar að markaðurinn hafi þroskast talsvert á síðustu árum og því ekki jafn mikil þörf á ströngum reglum er varða t.d. birtingu fréttatilkynninga á ensku og tilvist kaup- og sölutilboða innan viðskiptakerfisins,“ segir í tilkynningu, en þeir sem hagsmuna eiga að gæta eru hvattir til að koma að athugasemdum fyrir næsta mánudag.

- óká



Stílhrein hönnun frá VIOLINO

Nýjung hjá Lystadún Marco



Kynningarverð

á Glæsilegum leðursófum og stólum.



Reykjavík: Mörkín 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Opið virka daga: 10–18 og laugardaga: 11–15



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,

Kjartans Símonarsonar

Klapparstíg 9, Njarðvík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hinn 26. september.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Simon Hallberg Kjartansson
Kristín Hallbergsdóttir
Björn Heiðar Hallbergsson
Anna B. Kjartansdóttir og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ruth Jónsdóttir

dvalarheimilinu Höfða,
áður Sólvöllum, Innri-Akraneshreppi,

sem lést fimmtudaginn 4. október verður jarðsungen frá Akraneskirkju föstudaginn 12. október kl. 14.00.

Elín Kolbeinsdóttir Guðbjörn Ásgeirsson
Þorgeir Kolbeinsson Hrönn Hjörleifsdóttir
Guðfinna Valdimarsdóttir Sigurður Hauksson
Ingólfur Valdimarsson Guðný Sjöfn Sigurðardóttir
barnabörn og langömmubörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Jóna Jónsdóttir

Heiðarvegi 24, Keflavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík,
föstudaginn 5. október. Útförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju föstudaginn 12. október kl. 14.00.

Jóhann Björn Dagsson
Dagbjartur Björnsson
Valur Björnsson Erla Guðjónsdóttir
María Björnsdóttir Svavar Sædal Einarsson
Ingibjör Björnsson Regína Rósa Harðardóttir
Bjarnveig Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður, besti vinur minn og
faðir okkar,

Ásgeir Eyfjörð Sigurðsson

Ægisgötu 19, Akureyri,

lést 3. október. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 15. október kl. 13.30.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á sjóð sem
stofnaður hefur verið til styrktar fjölskyldu hans.
Banki 0565-14-102975 kt. 201060-3979.

Guðrún Valgerður Ásgeirsdóttir
Sigurvin Guðlaugur Eyfjörð Ásgeirsson
Unnur Rósa Eyfjörð Ásgeirsdóttir
Þórhildur Helga Eyfjörð Ásgeirsdóttir
Stefán Ásgeir Eyfjörð Ásgeirsson
Guðrún Borghildur Eyfjörð Ásgeirsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Guðmundsdóttir

Hofsvallagötu 22,

lést á heimili sínu 29. september sl. Útför hennar fer
fram í Fossvogskapellu, þriðjudaginn 9. október, kl. 15.

Sigurjón Guðmundur Jóhannesson
Áslaug Sigurjónsdóttir Sigurður Ólafsson
Jakob Sigurðarson Helga Sjöfn Magnúsdóttir
Jóakim Snær Sigurðarson
Sigrún Sif Sigurðardóttir
og barnabarnabörn.

PI HARVEY TÓNLISTARKONA ER 38 ÁRA.

„Mér er ekki illa við viðtöl.
Ég er bara ein af þeim sem
semja tónlist af því að þeim
finnst erfitt að tala.“

PJ Harvey hóf að semja tón-
list um 18 ára aldur og árið
1991 stofnaði hún trió. Síðla
árs 1993 hófst sólóferill henn-
ar og varð hún brátt þekkt fyrir
sérstaka rokk-tónlist og fram-
komu.



ÞETTA GERÐIST 9. OKTÓBER 1967

Guevara tekinn af lífi

Fyrir fjörutíu árum var byltingar-
leiðtogi Che Guevara tekinn
af lífi fyrir að reyna að koma af
stað byltingu í Bólívíu.

Guevara fæddist
í Argentínu 14. júní
árið 1928 og var því
39 ára er hann lést.
Hann var marxískur
byltingarsinni og leið-
togi skæruliða á Kúbu
og hafði gengið til
líðs við 26. júlí byltingarhreyf-
ingu Fídelis Kastró árið 1956.
Eftir að hafa steypt af stóli Bat-
ista, einræðisherra Kúbu, árið
1959 fékk hann yfirumsjón
með réttarhöldum og aftök-
um hundruða grunaðra stríðs-

glæpamanna frá fyrra stjórnar-
fyrirkomulagi. Eftir að hafa
gegnst ýmsum ábyrgðarstöð-
um í nýrri ríkisstjórn
og samið ýmsar grein-
ar og bækur um kenn-
ingu og iðkun skæru-
hernaðar, fór Guevara
frá Kúbu árið 1965
og ætlaði að koma af
stað byltingu í Kongó-
Kinshasa og síðan í

Bólívíu þar sem hann lést. Eftir
dauða sinn varð Guevara nokk-
urs konar táknmynd fyrir sósíal-
ískar byltingarhreyfingar og auk
þess menningarleg táknmynd
á heimsvísu. Hann er þó enn í
dag afar umdeildur.



tímamót

timamot@frettabladid.is



SKÓLASTARF Í RÚMA ÖLD Haraldur Haraldsson skólastjóri og Halla Þórðardóttir aðstoðarskólastjóri standa hér fyrir framan nýja og glæsilega byggingu hins sögufræga Lækjarskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LÆKJARSKÓLI Í HAFNARFIRÐI: 130 ÁRA SAMFELLD SKÓLASAGA

Mörgu að fagna á tímamótum

Lækjarskóli í Hafnarfirði fagnaði
130 ára afmæli 2. október síðastlið-
inn. Skólinn hét áður Barnaskóli Hafn-
arfjarðar og þar á undan Barnaskóli
Garðahrepps. Lækjarskóli á sér óslitna
sögu allt frá árinu 1877 og eru þetta því
míkil tímamót. Haraldur Haraldsson,
skólastjóri Lækjarskóla, sagði okkur
frá skemmtilegri sögu og starfi skólans
og hátíðarhöldum í tilefni af afmælinu.

„Þórarinn Böðvarsson og Þórunn
Jónsdóttir gáfu fé til minningar um
son sinn Böðvar í ágúst 1877. Þessi
gjöf átti að vera til þess að koma á
fót alþýðuskóla. Síðan breyttist skip-
an mála í Garðabæ og Hafnarfirði og
þá verður þetta að Barnaskóla Hafn-
arfjarðar og síðar var nafni barnaskól-
ans breytt í Lækjarskóla. Húsnæðið við
lækinn var tekið í notkun 2. október
1927 og það eru því 80 ár frá því það
hús var vígt en 130 ár síðan grunnur
var gerður að þessum skóla,“ útskýrir
Haraldur en svo skemmtilega vill til að
Þórarinn Böðvarsson var langalangafa-
bróðir hans. Haldið var upp á afmælið
með kaffisamsæti fyrir nemendur og
starfsmenn í tilefni af vígslunni 2. ok-
tóber.

„Þetta var svona innri gleði. Það var
kaffisamsæti, frjálsir tímar og svoleið-
is og var þetta afskaplega vel heppn-
að. Starfsfólk og nemendur bökðu
fyrir veisluna og þetta var því eins og
stórt heimili. Við vildum hafa þetta inn-
hverft afmæli,“ segir Haraldur sem
er annst um að skólinn haldi persónu-
legu og heimilislegu andrúmslofti þrátt
fyrir að vera stór.

„Við verðum með opið hús 15. nóv-

ember og þá ætlum við að bjóða öllum
sem vilja að koma og skoða skólann og
starf nemenda hér. Síðan gefum við út
afmælissrit í nóvember sem dreift verð-
ur um allan Hafnarfjörð,“ segir Harald-
ur stoltur og bætir við að í tilefni af af-
mælinu fái skólinn nýjan fótboltavöll.
Það eru þó fleiri ástæður til að fagna á
þessu starfsári.

„Við erum að ljúka innleiðingu á
jákvæðri skólafærni hjá okkur og
erum við mjög stolt af henni. Þetta er
kerfi þar sem við kennum nemendum
jákvæðan aga. Þá er til dæmis gengið
hægra megin, menn leiða hjá sér
óæskilega hegðun og við leiðum börn-
in áfram í jákvæðninni. Þau fá umbun-
armiða fyrir góða hegðun og læra regl-
urnar í gegnum skólastarfið. Þetta er
byggt á amerískri fyrirmynd en við
höfum algjörlega staðfært þetta yfir á
okkar hafnfirska umhverfi og þýddum
allt kerfið. Við vorum annar af fyrstu
tveimur skólunum á landinu sem fóru
af stað með þetta og nú er verið að inn-
leiða kerfið í öllum hafnfirskum skól-
um, í Reykjavík og víðar um landið,“
segir Haraldur ánægður með árang-
urinn. Auk þessa getur skólinn fagnað
góðum árangri úr samræmdum próf-
um, í íþróttum og fleira.

Lækjarskóli er heildstæður grunn-
skóli með 1.-10. bekk en þar er einnig
sérdeild fyrir börn með þroskaraskanir
og nær hún nú upp í unglingastig. Í
Lækjarskóla er sterk hefð í atferlis-
mótun fyrir einhverfa og þar hefur átt
sér stað mikil þróun. Þar er einnig mót-
tökudeild fyrir nýbúa í Hafnarfirði og
nýtt kerfi fyrir níunda og tíunda bekk

þar sem í boði er svokallað fjölnám.

„Fjölnámið virkar þannig að þeir
sem hafa fundið sig illa í almennum
skólum í Hafnarfirði eiga þess kost að
stunda verklegt nám þar sem bóklega
námið er einfaldað og verkþekkingin
aukin. Með þessu getur tiltekinn hópur
öðlast betri liðan í skólanum, kærleika
og alúð. Við erum með þrjátíu nemend-
ur í þessu námi og þar erum við aftur
komin í gamla, góða húsið sem heit-
ir nú Menntasetrið við lækinn og var
gamli Lækjarskóli,“ útskýrir Harald-
ur. „Þar erum við einnig með svokallað
fjöltækinnám fyrir þá einstaklinga sem
eiga mjög erfitt með að vera í hinu al-
menna skólakerfi vegna þess að þeir
hafa lent á erfiðum skerjum lífsins
þrátt fyrir ungan aldur. Þarna finnst
mörgum þeir vera komnir í himnaríki,“
segir Haraldur sem er annst um velferð
allra nemenda sinna.

Auk þessa stýrir Lækjarskóli verk-
efni með menntamálaráðuneytinu,
Hafnarfjarðarbæ, Flensborg og Iðn-
skólanum þar sem komið hefur verið á
fót framhaldsdeild. Þar verður tveggja
ára nám fyrir þá sem annars myndu
líklega flosna úr námi annars. Þá eiga
fjölnámsnemendur Lækjarskóla kost
á að fara í þetta framhaldsnám sem er
að mörgu leyti eins og fornámsbraut
í menntaskóla. Þetta er gert til þess
að missa ekki þennan hóp úr kerfinu.
Lækjarskóli er því einn með öllu og
augljóslega mörgu að fagna. Haraldur
ítrekar að lokum að hið farsæla skóla-
starf helgist fyrst og fremst af nemend-
um, góðu starfsfólki og þeim kærleika
sem þar ríkir á milli. hrefna@frettabladid.is



VERTU ÞINN EIGIN HERRA

Canon iP4300

9600dpi


CHROMALIFE 100

Ný tækni sem tryggir betri gæði á útprentun og myndirnar halda sömu gæðum í 100 ár



9600dpi UPPLAUSN

Ótrúleg upplausn sem ásamt PIXMA og FINE tækninni skilar einstökum ljósmyndagæðum



5 STÖK HYLKI

5 sjálfstæð hylki fyrir hámarksnýtingu allra lita og fullkomna ljósmyndaprentun



PRENTAR Á CD/DVD

Prentar í ljósmyndagæðum beint á CD/DVD. Setjið bara diskinn í CD/DVD bakkan



FULL BLÆÐING

Prentarífullumgæðumútájaðar pappírsallt að A4, prentar einnig sjálfvirk bádú megin (Duplex)



HAGKVÆMUR

Hagkvæmur í rekstri enda er gott verð á öllu Canon bleki og stök hylki fyrir hvern lit



FRÁ

387

MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

VERÐ 12.900



CANON IP2500



FRÁ

225

MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Canon

- Full blæðing á 10x15 í 4800x1200dpi punkta upplausn
- ChromaLife100 kerfið frá Canon varðveitir myndirnar í 100 ár
- iP2500 skilar nákvæmum og lifandi litum í ljósmyndum
- Flott hönnun iP2500 passar vel inn í hvaða umhverfi er

VERÐ 7.490

CANON MP220



FRÁ

417

MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Canon

- Full blæðing á A4 í 4800x1200 punkta upplausn
- Bein útprentun úr PicBridge samhfæðum myndavélum
- LCD textaskjár og 1200x2400dpi skannaupplausn
- ChromaLife100 kerfið frá Canon varðveitir myndirnar í 100 ár

VERÐ 13.900

HP D6160



FRÁ

300

MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

HP PhotoSmart D6160 er einn af hraðvirkari prenturum í dag með 4800x1200dpi punkta upplausn

VERÐ 9.990

HP C4280



FRÁ

357

MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

HP PhotoSmart C4280 flönotatækið er ljósmyndaprentari 4800x1200dpi, sem skannar og fjölritar allt í einu tæki

VERÐ 11.900

CANON MP600



FRÁ

687

MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Canon MP600 er fjölnota ljósmynda-prentari með 9600x2400dpi sem skannar og fjölritar allt í sama tækinu

VERÐ 22.900

CANON IX5000



FRÁ

1.197

MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Canon iX5000 A3 ljósmynda-prentari með 4800x1200dpi upplausn, ChromaLife100 tækni og USB2.0 tengi

VERÐ 39.900

Canon A6 Photo Pappír Plus 20 arkir
VERÐ 990

Canon A4 Glossy Photo Pappír 20 arkir
VERÐ 1.290

Canon A6 Photo Pappír Pro 20 arkir
VERÐ 1.290

Canon 4x6 Glossy Photo Pappír 50 arkir
VERÐ 1.490

Canon 4x6 Glossy Photo Pappír 100 arkir
VERÐ 1.790

Canon A4 Mattur arkir
VERÐ 1.690

Canon A4 Photo Pappír Plus 20 arkir
VERÐ 1.990

Canon A4 Glossy Photo Pappír 100 stk
VERÐ 2.990

TÖLVU LISTINN

Nóatúni	17	Reykjavík.	414 1700
Glerárgötu	36	Akureyri.	414 1730
Hafnargötu	90	Keflavík.	414 1740
Miðvangi	2-4	Egilsstaðir.	414 1735
Hlíðasmári	10	Kópavogur.	414 1760



SPELT FLATKÖKUR

Alveg ferköntuð nýjung frá Ömmubakstri



www.ommubakstur.is

UNIVERSITY COLLEGE

VITUS BERING DENMARK



NÁM Í DANMÖRKU

Hjá VITUS BERING í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.

Í boði er:

Á ensku og dönsku

- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

Á ensku

- Framleiðslutækni
- Útflutningstækni

Á dönsku

- Véltækni
- Véltækni
- Landmælingar
- Tölvutækni
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatækni

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður í Reykjavík á biluni 5. - 13. október 2007. Þeir sem hafa áhuga geta haft samband við Johan Eli Ellendersen, með því að hringja beint í Johan í síma í 845 8715.

UNIVERSITY COLLEGE

VITUS BERING DENMARK

CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4

DK-8700 HORSENS

TEL: +45 7625 5000

FAX: +45 7625 5803

CVU@VITUSBERING.DK

Vitus Bering Danmark verður VIA University College. Í janúar 2008 tekur til starfa nýr háskóli VIA University College á Jótlandi í Danmörku. VIA University College verður til við sameiningu Jysk Center for Videregående Uddannelse, cvu vita, Vitus Bering Danmark, CVU Midt-Vest og CVU alpha en þessi menntun er skilgreind í danska menntakerfinu sem "de mellemlange videregående uddannelser". Markmið sameiningar er að geta boðið betri menntun en áður. Nánari upplýsingar má lesa á www.viauc.dk

www.vitusbering.dk



Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000.

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

STUÐ MILLI STRÍÐA Reynt við rútínu

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR LEITAR AÐ KOFUM Í LÍFINU



Ég hef áður opinberað það á þessum síðum að á stundum dreymir mig ekkert nema lítinn kofa uppi í sveit. Helst í afskekktum dal með engu rafmagni en nokkrum rollum, þar sem ég get ræktað garðinn minn (og drepið flest allt sem í honum vex sökum fingra sem eru ... tja, hver er andstæðan við grænt?), horft á sjóinn í gegnum saltbarinn glugga og sötrað te sem ég hita mér eftir að ég kveiki upp í arninum. Í ró. Og næði. Draumurinn um kofann helst yfirleitt í hendur við ofþreytu, síþreytu eða bara þreytu, sem ræðst reglulega á mig.


Eftir að hafa stappað í mig stálinu, brett upp ermar og sogið upp í nefið ræðst ég reglulega á vikurnar með það að leiðarljósi að koma hlutunum nú í almennilega rútínu í eitt skipti fyrir öll. Sú varir í viku, kannski tvær ef ég er í óhemjuhamnum mínum. Þá þreytist ég á rútínunni, gef henni langt nef og hugsa aftur til kofans. Ég var orðin svona agalega þreytt fyrir helgi og lufsaðist í gegnum laugardaginn á viljastyrknum einum saman. Svo kom sunnudagur. Án þess að gera mér nokkrar hugmyndir um plan fyrir daginn, rauk ég á fætur fyrir allar aldir og fór í bakarí og keypti mér blóm í litlum kofa. Svo fór ég heim og borðaði nýbakað rúnstykki og las

skemmtilega bók. Næst fór ég að gefa ketti sem ég hafði tekið upp á mína arma yfir eina helgi, og í staðinn fyrir að keyra beint heim aftur lokkaði sólin mig í göngutúr um Þingholtin. Þar sá ég húskofa, hreysi, garðkofa og trjákofa og allt þar á milli. Næst keypti ég í dýrindis kvöldmáltíð og fór heim að elda á meðan ég raulaði undir. Ég skil ekki hvað ég er alltaf að eltast við þessa guðsvoluðu rútínu. Ég daðra við hana eins og desperat fyllibytta klukkan fimm á laugardagsmorgni, á milli þess sem ég gleymi mér í draumum um einangraða kofann. Ég ætla að reyna að hætta því. Það er nóg til af kofum í lífinu eins og það er. Maður þarf bara að finna þá.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli




■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Good Luck Chuck

Sometimes love blows.

9. HVER
VINNUR!

SENDU SMS **JA GLV**
Á **1900** OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ BÍÓMIÐA!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR,
DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR
OG MARGT FLEIRA!

SMS
LEIKU

Framsýnd 12. október

BÍÓMIÐI

SMÁRA BÍÓ

REGNBÖGINN

BORGARBÍÓ

HÁSKÓLABÍÓ

Vinningsverða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að tala þitt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

SYNING ANNAD KVÖLD, 10. OKTÓBER
AÐRIR SYNINGARDAGAR: 12., 14. OG 19. OKTÓBER

„Fyrir þá sem vilja fylgjast með íslenska söngvarahópnum er því skyldumætning á syninguna....Flottur söngur.“

Fréttablaðið, Páll Baldvin Baldvinsson
3 stjörnur

„Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, dásamleg... Arndís Halla, töfrandi... Hanna Dóra Sturludóttir, stórbrotin... Kolbeinn Jón Ketilsson, heillandi... Þvílíkt party!“

Silja Aðalsteinsdóttir, www.trmm.is

MÍÐASALA Á WWW.OPERA.IS
MÍÐASÖLUSÍMI 511 4200

Vegna gífurlegra vísuenda - aukasýningar í Rvk

26. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 20.00

27. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 19.00

1. Nov. ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 20.00

2. Nov. ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 20.00

3. Nov. ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 19.00

Mikasta daglega í Óperunni í síma 511-4200

Ót kl. 14-18 og á miðla

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

Jórdanía
Lykillinn að viðskiptum við Mið-Austurlönd

Miðvikudaginn 10. október 2007
kl. 14.00-16.30 á Radisson SAS Hótel Sögu

Útflutningsráð heldur ráðstefnu um viðskipti og möguleg viðskiptatækifæri í Jórdaníu og Mið-Austurlöndum. Fyrirtæki sem hafa áhuga á viðskiptum og eru í viðskiptum á svæðinu eru hvött til þess að nýta sér þetta tækifæri.

Dagskrá:

- Samir Hasan,**
ræðismaður Jórdaníu á Íslandi
- Dr. Maen Nsour,**
forstjóri, Jordan Investment Board (JIB)
- Jóhanna Kristjónsdóttir,**
formaður Vináttu- og menningarfélags Mið-Austurlanda
- Rakan N. Rshaidat,**
framkvæmdastjóri, Arab Pharmaceutical Company
- Kolbeinn Arinbjarnarson,**
forstöðumaður sölu- og markaðsmála, Calidris
- Mazen Abu Hamdan,**
framkvæmdastjóri, Arab Bank

Fundarstjóri: Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs

Að loknum erindum verður boðið upp á léttar veitingar.

Skráning á ráðstefnuna er í síma: **511 4000** eða með tölvupósti á **utflutningsrad@utflutningsrad.is**.

Nánari upplýsingar veita Hermann Ottósson, forstöðumaður, **hermann@utflutningsrad.is** og Inga Hlín Pálsdóttir, verkefnisstjóri, **inga@utflutningsrad.is**.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

Höllin á Tjarnarbakkanum

Guðrún Ásmundsdóttir hefur fyrir löngu sýnt það og sannað að hún er samofin íslenskri menningarsögu og einn af máttarstólpum Leikfélags Reykjavíkur.

Áhorfendur fá nú tækifæri til þess að mæta í mjög svo persónulegt afmæli. Kaffi er borið fram með randalín og rúgbrauði með hangikjöti. Húsinu er lýst og saga þess sögð. Guðrún byrjar á því að óska alla velkomna og gera síðan það „entré“ sem hana alltaf hefur langað til; tjaldíð fellur og hefst á ný og niður úr skýjum í blómum skreyttri rólu svífur afmælisbarnið með sinn dillandi hlátur. Hún segist ekki hafa birst áður svona á sviðinu en þeir sem sáu hana unga með gyllta lokka í Ævintýri á gönguför telja sig þó muna að einmitt þar hafi hún verið í svona blómum skreyttri rólu.

Hér var hluti íslensku leiklistarsögunnar sögð út frá sjónarhorni stúlku sem elskaði hús. Hún elskaði hús sem ekki aðeins fósturði hana heldur alla þá sem unnu leiklistinni frá því að höllin við Tjörnina reis. Guðrún Ásmundsdóttir stendur ein á sviðinu og sér til fulltingis hefur hún ungan ljúfan píanista, Ólaf Björn Ólafsson, sem síðan kemur í ljós að er barnabarn Lárusar Pálssonar sem leikur vitaskuld stórt hlutverk í endurminningaryfirferð leikkonunnar.

Saga hússins með húsmæðraskólanemum, draugum og öðrum íbúum er skemmtilega fléttad inn í daglegt amstur leikaranna á hinu kalda sviði. Guðrún segir okkur sögu sína, frá því að hún sem þínulítill, uppfinningarík stelpa á Laugaveginum bjó sitt eigið leikhús og fram á þennan dag. Hún vefur inn samferðarmönnum en það eru aðeins þeir sem komnir eru yfir móðuna miklu sem fá nokkuð pláss í farteski hennar.

Einmitt það val var líklega gert af hagsýnisástæðum því það væri jú ógjörningur að fara að smíða sögukassa kringum allar þær persónur og öll þau verk sem komið

hafa við sögu á fimmtíu ára fjölbreyttum leikferli. Fyrir bragðið vorum við nálægt gamla tímanum og mjög nálægt þeim tíma þegar Reykjavík var lítil og svolítið danskur bær. Það var notalegt og nauðsynlegt að heyra dönskusletturarnar og sjá fyrir sér það fólk sem skemmti sér í þeim miðbæ sem nú er orðinn einhvers konar vígvelli stjórnlaustrar föstudagsdrykkju. Saga leikfélagsins og revíuhópanna endurspeglar jú einng þann tíma þegar bannað var að drekka brennivín hérlandis en þó líklega gert talsvert mikið af því undir ýmsum rólum. Guðrún sagði okkur beinlínis frá því hvernig hryllilegur drykkur var búinn til, að mig minnir uppi á Skólavörðustíg, þar sem ótrúlegasta drullumalli, meðal annars skóáburði, var blandað saman og drukkið í hvítri mjólk.

Hættið að þrasa og byrjið að byggja, var slagorð hóps innan Leikfélags Reykjavíkur eftir að félagarnir voru farnir að safna peningum fyrir nýju leikhúsi. Það var ekki hópur Guðrúnar sem hafði þessi orð í frammi, hún var nefnilega þeirrar skoðunar að byggja ætti nýja leikhúsið þar sem Ráðhúsið stendur núna. Það hefði kannski verið frábært, og gaman að koma út úr Iðnó, þíra augun og sjá fyrir sér leikhúsið hennar Guðrúnar með iðandi, lifandi mannlífi í stað þessa umdeilda húss sem nú stendur í myrkri á kvöldin.

Guðrún er virðuleg þar sem hún situr við borð endurminninganna en stekkur svo fyrirhafnarlítið inn í ýmis gervi frá liðnum tíma, bæði sín eigin og mótleikaranna. Þessi aðferð er margþekkt og gengur ágætlega upp. Söngurinn er stór hluti af sögu þessa leikfélags, Guðrún lét sig ekki muna um að syngja hvern sönginn á fætur öðrum og oft tóku áhorfendur undir með henni. En hvað ætli hafi nú haft mest áhrif á þessa mikilfenglegu leikkonu? Var það Lárus Pálsson, Bríet Héðinsdóttir, Helga Valtýsdóttir,



LEIKLIST

Ævintýri í Iðnó, söguveisla með Guðrúnu Ásmundsdóttur

Leikstjóri: Sigrún Edda Björnsdóttir
Leikmynd: Ragnar Kjartansson
Píanó: Ólafur Björn Ólafsson

★★★★

Niðurstaða: Boðið til veislu í Iðnó þar sem gamlar perlur eru endursagðar.

mýsnar á gólfinu í London eða rotturnar sem ruddust inn þegar vatnið fyllti Iðnókjallarann þar sem leikarar fóru í smink? Það er ekki gott að segja, en það er óhætt að segja að þetta var smekklega samofin saga hjá þeim mæðgum og Ragnarí syni Guðrúnar og sýning sem vafalítið á eftir að gleðja þá sem orðnir eru leiðir á ofbeldi og klámi, ungdómsdýrkun og útrásartaugaveiklun.

Elisabet Brekkan

Sól rauð sem blóð

Mannfræðifélag Íslands hefur sett á stofn fyrirlestrahald í ReykjavíkurAkademíunni við Hringbraut. Verður einkum litið til mannfræðilegra efni í viðum skilningi.

Fyrsti fyrirlestur haustsins í röðinni sem kallast Frásögn – túlkun – tengsl verður haldinn í kvöld kl. 20.00. Björk Þorleifsdóttir umhverfissagnfræðingur heldur fyrirlestur sem nefnist: Sumarið bláa. Í útdrætti segir: „Sumarið árið 1783 var undravert og geigvænlegt og fullt af hroðalegum fyrirbærum ... ólíkt öllu öðru í manna minnum.“ Þannig komst enskur sveitaprestur að orði í dagbók sinni fyrir meira en 200 árum.

En hvað var það sem var svo einkennilegt og hryllilegt við þetta sumar? Hvað datt fólki í hug þegar sólin varð rauð sem blóð, ógnvænlegar hitabylgjur og nistingskuldar brustu á, húsdýrin hegðuðu sér einkennilega og óskiljanlegir sjúkdómar lögðust á fólk? Árið 1783 datt ekki mörgum Evrópubúum í hug að slík fyrirbæri gætu tengst eldgosi á fámennri eyju í Norðurhöfum og leituðu sumir svara í guðdómnum og aðrir leituðu á náðir náttúruskýringa á þessari öld upplýsingarinnar. Í fyrirlestrinum verður því rætt um hughrif náttúruhamfara fyrr á tímum, með Skaftárelda í brennidepli. Litið verður til þróunar náttúruvísinda og áhrifa trúarinnar á almenningsviðhorf í kjölfar náttúrhamfara og þælt í áhrifum hamfara á einstaklinginn.

Björk Þorleifsdóttir, sagnfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni, lauk B.A.-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 2003 og stundar nú mastersnám í umhverfissagnfræði við University of St. Andrews í Skotlandi og vinnur meðfram náminu við ýmis fræðistörf.

- pbb

SYNINGAR Í AUSTURBÆ

BLINDA KINDIN eftir Elísabetu Jökulsdóttur

Næstu sýningar: 13/10 - 20/10 og 28/10

SÖNGLEIKURINN ÖSKUBUSKA eftir Agnar Jón Egilsson. Tónlist: Hallur Ingólfsson

Næstu sýningar: 13/10 og 20/10

SPRENGJUHÖLLIN Útgáfutónleikar 12/10

Miðasala í síma 551 4700 og á midi.is

Jaðarríki ógna

Í dag kl. 12.05 heldur Sagnfræðingafélag Íslands áfram að leita svara við spurningunni: Hvað er Evrópa? Í dag ætla Axel Kristinsson sagnfræðingur að fjalla um evrópsk samkeppniskerfi. Í útdrætti segir: „Þótt saga Evrópu sé um sumt óvenjuleg er hún ekki eins einstök og Evrópubúar vilja gjarnan ímynda sér. Hún á margt sameiginlegt með sögu annarra samfélaga á ýmsum tímum og í ýmsum heimshlutum. Frá 11. öld og fram á þá 20. tilheyrði Evrópa flokki sögulegra fyrirbæra sem kalla má samkeppniskerfi. Álfan var þá eins og bútasamur margra pólitískra eininga sem áttu í harðri samkeppni sín á milli þrátt fyrir að menning og samfélagshættir væru keimlíkir víðast hvar. Slík fyrirbæri eru algeng í sögu mannkyns og ávallt fylgir þeim ekki aðeins ófriður og átök heldur líka nýbreytni og frumleiki á mörgum sviðum. Önnur dæmi um slík fyrirbæri eru Grikkland að fornu og Ísland á þjóðveldisöld sem bæði eru forvitnileg til samanburðar. Í fyrirlestrinum verður saga Evrópu skoðuð sem samkeppniskerfi og bent á ýmislegt sem er dæmigert fyrir slík kerfi en einnig sumt sem er óvenjulegt. Sérstaklega verður hugað að myndun jaðarvelda, stórvelda í útjaðri samkeppniskerfa sem eiga það til að vaxa þeim yfir höfuð og eyða þeim. Hádegisfyrirlestrar Sagnfræðingafélagsins fara fram í fyrirlestrar-sal Þjóðminjasafnsins og standa frá klukkan 12.05 til klukkan 12.55.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:                               

GREY'S ANATOMY

HEFST Í OKTÓBER



30%
aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á Netinu. Stod2.is


FRÁBÆR DAGSKRÁ Í OKTÓBER



ALGJÖR SVEPPI! - allar helgar. Glens og grín ásamt vönduðu talsettu barnaefni allar helgar.



TEKINN 2 - alla föstudaga. Fræga fólkið tekið - Jógvan, Inga Lind, Birgitta Haukdal, Geir Ólafs og fleiri.



NÆTURVAKTIN - alla sunnudaga. Frábærir gamanþættir sem hafa slegið rækilega í gegn.



DAMAGES - alla sunnudaga. Besti nýi þátturinn síðan Sopranos. Magnaður spennuþáttur.

Bohemian flottast

Myndband hljómsveitarinnar Queen við lagið Bohemian Rhapsody frá árinu 1975 hefur verið kosið besta tónlistarmyndband sögunnar. Í öðru sæti var Thriller með Michael Jackson og í því þriðja var Cry Me a River með Justin Timberlake.

Rúmlega eitt þúsund manns tóku þátt í breskri skoðanakönnun um besta myndbandið og nefndu um þrjátíu prósent hið sex mínútna langa myndband Queen sem tók aðeins þrjá klukkutíma að taka upp. Kostaði það rúmar 400 þúsund krónur, sem telst í dag ekki mikill peningur í þessum geira.

Á meðal fleiri myndbanda á topp tíu voru lagið Take On Me með A-Ha og Dirty með Christinu Aguilera. Baby One More Time



BRITNEY Fyrsta hljóðversplata Britney Spears í fjögur ár nefnist Blackout.

Britney með Blackout

Fyrsta hljóðversplata Britney Spears í fjögur ár mun heita Blackout. Vísar titillinn í það að útiloka alla neikvæðni og taka lífinu opnum örnum.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Gimme More, hefur fengið góðar viðtökur að undanfögnu þrátt fyrir hræðilega frammistöðu Britney á MTV-hátíðinni í síðasta mánuði þar sem hún söng lagið illa undirbúin.

Nýja platan kemur út 12. nóvember og má þá telja líklegt að söngkonan fylgi henni eftir með tónleikaferð ef andlegt ástand hennar leyfir.



SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós fékk Q-verðlaun fyrir framúrstefnulegasta hljóminn.

Sigur Rós verðlaunuð

Hljómsveitin Sigur Rós hlaut verðlaun breska tónlistar-tímaritsins Q í gær fyrir framúrstefnulegasta hljóminn. Gítarleikari U2, The Edge, fékk þessi sömu verðlaun á síðasta ári.

Björk Guðmundsdóttir var tilnefnd til verðlaunanna fyrir myndband sitt við lagið Earth Intruders en bar ekki sigur úr þýtum. Féllu verðlaunin í skaut hljómsveitinni Kaiser Chiefs fyrir lagið Ruby.

Arctic Monkeys var valin besta hljómsveit heimsins en plata Amy Winehouse, Back to Black, var valin sú besta.



QUEEN Myndband við lagið Bohemian Rhapsody hefur verið kosið hið besta í sögunni.

með Britney Spears náði aðeins fimmtánda sæti í könnuninni.

Bohemian Rhapsody er fyrir löngu orðið sigilt í tónlistarsögunni. Sat það í níu vikur á toppi breska vinsældalistans eftir að það kom út. Fór það aftur á toppinn árið 1991 þegar söngvarinn Freddie Mercury lést.

Boðið á In the City

Hljómsveitirnar Dikta og Skátar, ásamt tónlistarkonunni Kiru Kiru, koma fram á hátíðinni In the City sem er haldin árlega í Manchester í Englandi.

Þetta er annað árið í röð sem sérstakt íslenskt kvöld er haldið á hátíðinni. Var það ein af óskum Tonys Wilson, frumkvöðuls In the City sem nú er látinn, að íslenska tónlistarkvöldið yrði endurtekið enda þótti frammi- staða Ólafar Arnalds, Elízu og Mammúts á síðasta ári heppnast mjög vel.

Íslenska kvöldið fer fram á Pitcher and Piano í Manchester sem er einn besti tónleikastaður borgarinnar.

Ásamt því að spila á hátíðinni fá íslensku listamennirnir einnig heimasíðu og lag á iTunes-safnplötu sem verður dreift til allra sem koma á hátíðina sem hefst 20. október.

Hljómsveitir eins og Coldplay, Oasis og Muse hafa slegið í gegn eftir að hafa komið fram á In the City.



DIKTA Hljómsveitinni Diktu ásamt Skátum og Kiru Kiru hefur verið boðið að spila á tónlistarhátíðinni In the City.



SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLUNNAR

- Öll kasthjól – 40% afsláttur
- Kaststangir 20-50% afsláttur
- Fluguhjól 15-50% afsláttur
- Flugustangir 15-50% afsláttur
- Öndunarvöðlur frá 9.995
- Veiðivesti frá 1.995
- 10 stk. spúnar aðeins 1.990
- Lítið notaðar leiguvöðlur aðeins 5.000
- Sjókayakar 15-30% afsláttur
- Þurrbúningar og vesti 15-50% afsláttur
- Valdar haglabyssur 20-30% afsláttur
- Felufatnaður 15-50% afsláttur

MISSTU EKKI AF ÚTSÖLUNNI OKKAR

Sjókayakar, fatnaður og búnaður aðeins í Sportbúðinni Krókhálsi 5. Skotvopn og felugallar aðeins í Veidihorninu Síðumúla 8 og Sportbúðinni Krókhálsi 5. Leiguvöðlur aðeins í Veidihorninu Síðumúla)

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760

Krókháls 5 – Sími 517 8050

Síðumúli 8 – Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

> Ákveður sig í vikunni

Margir biða spenntir eftir að heyra hvað Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, ætlar að gera. Samningur hans við FH er að renna út og hann hefur ekkert viljað segja um framtíðarætlanir sínar. Ólafur sagði við Fréttablaðið í dag að hann myndi skýra frá ákvörðun sinni síðar í vikunni. Talið er að ákvörðun Ólafs muni hafa mikil áhrif á hvað nokkrir þjálfara og leikmanna gera í kjölfarið. Þar helst að nefna Heimi Guðjónsson, aðstoðarmann Ólafs, sem er orðaður við KR en FH myndi líklega vilja fá hann í stað Ólafs ákveði Ólafur að hætta og róa á önnur mið. Svo hefur Ólafur Kristjánsson ekki enn samið við Blika en hann er einnig orðaður við FH og KR.

sport
sport@frettabladid.is

**LEIKMAÐUR 4. UMFERÐAR N1-DEILDARINNAR: JÓHANN GUNNAR EINARSSON, FRAM***Er frjálsari hjá nýja þjálfaranum*

Jóhann Gunnar Einarsson skoraði 10 mörk úr 13 skotum í 28-31 útisigri Framara á Stjörnunni en með honum komust Safamýrarpiltar á toppinn í N1-deildinni. Fréttablaðið hefur valið Jóhann besta leikmann 4. umferðar. „Þetta var stærsti leikur okkar til þessa á tímabilinu, við mættum vel stemmdir og þetta gekk upp hjá okkur,” sagði Jóhann og var líka sáttur með sína frammistöðu. „Ég var mjög ánægður með minn leik og það gekk flest upp sem maður reyndi. Eg var heitur í öxlinni,” segir Jóhann, sem segir Framara staðráðna í að gera betur en í fyrra. „Við náðum ekki þeim markmiðum sem við settum okkur í fyrra og vorum ekki nægilega stöðugir.” Jóhann Gunnar er ánægður með nýja

þjálfaran, Ungverjann Ferenc Antal Buday.

„Hann er alltaf að koma betur og betur inn í þetta. Það voru smá tungumálaerfiðleikar fyrst en síðan er maður búinn að læra inn á þessi ensku þýsku hjá honum.

Þetta er flottur karl og mikill fagmaður,” segir Jóhann, sem segist njóta sín vel undir hans stjórn. „Gummi Gummi var mjög skipulagður og stílfastur en hann er aðeins frjálslægri og leyfir mönnum að njóta sína aðeins á vellinum. Það er ágætt að fá bara að skjóta eins og maður vill,” segir Jóhann en bætir jafnframt við: „Þetta gekk vel í þessum leik en svo gæti maður náttúrulega átt afleitan leik næst. Ég þarf að ná líka stöðugleika hjá mér sjálfum sem mér fannst persónulega vanta í fyrra.”

**TÖLURNAR TALA****Markahæstir í umferðinni:**

- Janis Grisnavos, ÍBV 13/3
- Jóhann Gunnar Einarsson, Fram 10
- Hilmar Stefánss. Aftureldingu 10/4
- Heimir Örn Árnason, Stjörn. 10/5

Flest varin skot í umferðinni:

- Björgvin Páll Gústavsson, Fram 25/1
- Sveinbjörn Pétursson, Akureyri 23
- Egidijus Petkevicius, HK 19/2
- Pálmar Pétursson, Valur 19/1

Grófasta liðið: ÍBV út af í 18 mínútur.

Prúðasta liðið: Haukar út af í 2 mínútur.

Besta sóknarliðið: Afturelding, 42 mörk.

Besta varnarliðið: Haukar, 22 mörk
Hraðasta liðið: Afturelding, 12 hraða-upphlaupsmörk.

KSÍ ætlar að skoða mark Magnúsar Páls

Áhöld eru um hver eigi að fá bronsskóinn í Landsbankadeild karla. Þrír leikmenn skoruðu átta mörk og sem stendur á Magnús Páll Gunnarsson Bliki að fá skóinn. Deilt er um hvort skrá eigi annað mark hans gegn FH í 16. umferð deildarinnar á hann eða sem sjálfs-mark FH-ingsins Auðuns Helgasonar. Sinisa Kekic mun fá bronsskóinn fari svo að Magnús fái markið ekki skráð á sig.

FÓTBOLTI Mikið er rætt um það þessa dagana hver eigi að fá bronsskóinn í Landsbankadeild karla. Samkvæmt tölfræði KSÍ voru þrír leikmenn með 8 mörk – Magnús Páll Gunnarsson, Tryggvi Guðmundsson og Sinisa Kekic. Eins og staðan er í dag mun Magnús Páll fá bronsskóinn þar sem hann lék minnst af þremmenningunum.

Áhöld eru þó um hvort hann hafi skorað mark gegn FH í 16. umferð sem meðal annars Fréttablaðið hefur ákveðið að skrá sem sjálfs-mark á Auðun Helgason eftir ítarlega skoðun á markinu. Dómari leiksins, Magnús Þórisson, skráði markið á Magnús Pál eftir að hafa spurt hann út í markið eftir leikinn en skoðaði ekki sjálfur atvikið á myndbandi áður en hann skráði markið og skilaði inn skýrslunni.

Tryggvi Guðmundsson FH-ingur hefur gert tilkall til bronsskósins en fari svo að markið verði

ekki skráð á Magnús fær Sinisa Kekic bronsskóinn en ekki Tryggvi samkvæmt þeim upplýsingum sem Fréttablaðið fékk frá KSÍ og Adidas um málið í gær. Kekic lék nefnilega 43 mínútum færri en Tryggvi í sumar og er því með næstfæstar spilaðar mínútur af þeim leikmönnum sem skráðir eru með átta mörk.

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, tjáði Fréttablaðinu í gær að sambandinu væri kunnugt um þessar deilur og að það myndi skoða mark Magnúsar Páls betur á myndbandi.

Magnús hefur sent Fréttablaðinu yfirlýsingu vegna málsins þar sem hann ítrekar að hann eigi markið: „Ég átti síðustu snertingu við boltann í þessu marki – þótt hún hafi vissulega ekki ráðið

úrslitum um hvort mark væri skorað eða ekki. Ég upplýsti dómara leiksins um þessa staðreynd og markið er skráð á mig á leikskýrslu,” segir meðal annars í yfirlýsingu Magnúsar en hann segir boltann hafa snert takkana á skó hans en játar þó að snertingin hafi ekki verið meiri en svo að boltinn breytti ekki um stefnu.

Magnúsi Páli sárnar að Fréttablaðið, sem og Tryggvi Guðmundsson, skuli halda því fram að markið sé ekki hans. „Það er leitt til þess að vita að annar leikmaður sem gerir tilkall til bronsverðlaunanna skuli láta hafa það eftir sér á opinberum



FÆR HANN SKÓINN? Magnús Páll Gunnarsson stendur fastur á því að hann eigi að fá bronsskóinn í Landsbankadeild karla. KSÍ skoðar málið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vettvangi að þetta sé ekki rétt og að „rétt skuli vera rétt“. Með því fullyrðir hann að ég hafi sagt dóm-aranum, félögum mínum og fjölmiðlum ósatt [...] Bronsskórinn verður mér hins vegar aldrei verðmætari en orðspor mitt og vonast ég því til þess að þurfa hvorki að sæta því hjá stærsta dagblaði landsins, né heldur einum besta knattspyrnumanni okkar, að vera

ásakaður um lygar,” segir Magnús enn fremur í yfirlýsingunni.

Tryggvi neitar því að hafa kallað Magnús Pál lygara. „Ég kallaði Magnús aldrei lygara. Það eina sem ég hef sagt er að rétt skuli vera rétt og ég sé þetta sem sjálfs-mark. Ég spurði Auðun út í markið og hann segir 99% líkur á að þetta sé sjálfsmark hjá honum,” sagði Tryggvi. henry@frettabladid.is

Leikmannamál Víkinga fyrir næsta sumar:

Sömdu við Kekic

FÓTBOLTI Sinisa Valdimar Kekic mun spila áfram með Víkingum í 1. deild karla næsta sumar en þessi 38 ára gamli framherji hefur endurnýjað leikmannasamning sinn við Víking til eins árs. Kekic skoraði 8 mörk í 17 leikjum í Landsbankadeild karla í sumar.

Í tilkynningu frá Víkingum kemur fram að Kekic sé menntaður þjálfari og að stjórn knattspyrnudeildar vænti mikils af honum í þjálfarstarfinu bæði með tilliti til menntunar hans á því sviði og ekki síst langrar og farsællar reynslu hans sem leik-



GÓÐUR Sinisa Kekic kom að 13 af 15 mörkum Víkinga í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

manns. Kekic mun jafnframt því að leika með Víkingum verða annar af tveimur þjálfurum 2. flokks karla hjá félaginu. - óóó

Þrír Íslendingar hjá Brann að verða norskir meistarar:

Vantar bara eitt stig

FÓTBOLTI Brann er komið með ný stiga forskot á Stabæk í norsku úrvalsdeildinni þegar aðeins þrjár umferðir eru eftir af tímabilinu.

Brann vann 3-1 sigur á Lyn á heimavelli í gær þókk sé tveimur mörkum frá Azar Karadas í upp-bótartíma. Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason spiluðu saman í miðri vörninni allan

leikinn en Ármann Smári Björnsson sat allan tímann á bekknum.

Thorstein Helstad kom Brann yfir á 15. mínútu en Lyn jafnaði á 86. mínútu. Indriði Sigurðsson lék í miðri vörninni hjá Lyn.

Fyrsti leikur Brann eftir landsleikjahléð er á útivelli gegn Aalesund 20. október næstkomandi. - óóó

Stjórnun heilbrigðisþjónustu
Nýtt meistaranám

Kynningarfundur á Hilton Reykjavík Nordica, fimmtudaginn 11. október frá kl 12.15 - 13.00

Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst
byður gesti velkomna.

Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra flytur ávarp.


Ásta Dís Óladóttir, dósent við Háskólann á Bifröst
kynnir námið.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

EINSTÖK UPPLIFUN



Láttu ekki snjóleysi
skemma skíðafríð...
Í Colorado snjóar
að meðaltali 8-10
metra yfir tímabilið.

SKÍÐAFERÐIR TIL COLORADO

ASPEN/SNOWMASS • VAIL • BEAVER CREEK • BRECKENRIDGE • KEYSTONE

Fjölbreyttir gistingöguleikar í boði - Eitthvað fyrir alla - Bókaðu strax



[WWW.ICELANDAIR.IS](http://www.icelandair.is)

Samstarfsaðili GB ferða



> Juliette Lewis

Juliette átti í ástarsambandi við Brad Pitt í mörg ár og lék á móti honum í myndunum Kalifornia og Too Young to Die? Þá var hún með barnfóstru Kurts Cobain sáluga og Courtney Love, Michael Dewit. Hún giftist hjólabrettamanninum Steve Berra árið 1999 en þau skildu fyrir tveimur árum. Juliette er meðlimur í Vísindakirkjunni eins og fleiri kollegar hennar. Hún leikur í myndinni Picture Claire á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



VIÐ TÆKIÐ: **FREYR GÍGJA GUNNARSSON** Á VÍÐA ÆTTMENNI

Frá Hafnarfirði til Liverpool

Knattspyrnuvertíðinni á Íslandi lauk á laugardaginn þegar hafnfirska stórveldið sem kennt er við fimleika hafði nauman sigur á smáliðinu úr Grafarvogi. Húsmæðrum landsins hefur eflaust létt þegar svartklæddi maðurinn blés í háværu flautuna sína í síðasta sinn því með lækkandi sól og miklum kulda gerðu þær sér vonir um að nú gæti karlinn loksins lagað svalahurðina sem hangið hefur á hjörunum í nánast allt sumar. En um leið og Visa-bikarinn fór á loft og FH-treyjunní var skellt inn í skáp var húsbóndinn kominn í aðra og litaglaðari treyju, nefnilega rauða með merki liðs frá Bítlaborginni. Húsfreyjan hafði hugsað sér gott til glóðarinnar og látið sig dreyma um Opruh og Dr. Phil á skjánum en slíkir draumar reyndust byggðir á sandi. Hálf-atvinnumennskuliði íslensku var skipt út fyrir alþjóðlegt atvinnulið og nú var ekki bara einn leikur á laugardögum heldur í það minnsta þrír, síðan tveir



á þriðjudags- og miðvikudagskvöldum að ógleymdri svokallaðri landsleikjahrinu, en karlpeningurinn virðist eiga ættingja í nánast öllum hornum Evrópu. Og húsfreyjan skilur ekki neitt í neinu enda taldi hún að knattspyrnuáhuginn væri eingöngu bundinn við heimabæinn. Þar lægju taugarnar og hún vissi jú að þegar heimabænum gengi vel ættu íbúarnir að gleðjast, hvort sem það væri á sviði íþróttar, menningar eða listar. En þegar húsbóndinn stóð á fætur, blótaði Íra að nafni Keane í sand og ösku og öskraði síðan úr sér líftóruna þegar Spánverji stangaði boltann í markið uppgötvaði hún að maðurinn hennar gekk annað hvort ekki heill til skógar eða hafði falið fyrir henni leyndardómsfullan kafla fjölskyldu sinnar sem sneri að horfnum forfeðrum hans í Liverpool.

MAFÍÓSI EÐA PÚLARI? Knattspyrnuvertíðin er rétt að hefjast þótt Íslendingar séu hættir að sparka í tuðruna.

EKKI MISSA AF



► **22.25 Dauðir rísa** SJÓNVARPIÐ



► **20.00 Extreme Makeover: Home Edition** STÖÐ 2



► **21.15 Windfall** SIRKUS



► **22.00 Picture Claire** STÖÐ 2 BÍÓ



► **21.00 Innlit / Útlit** SKJÁR EINN

 SJÓNVARPIÐ

- 16.05 Sportið**
- 16.35 Leiðarljós**
- 17.20 Táknmálsfréttir**
- 17.30 Ofurþjarkinn og apahersveit-in** (30:52)
- 18.00 Geirharður bojng bojng** (17:26)
- 18.25 Nægtaborð Nigellu** (4:13) e.
- 19.00 Fréttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.20 Mæðgurnar** (11:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-riki og dóttur hennar á unglingsaldri. Aðahlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.
- 21.05 Söngvaskáld** Átta þættir þar sem lagasmiðir flytja lög sín að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpsal. Í þessum þætti syngur Egill Ólafsson nokkur lög og spjallar við hlustendur. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
- 22.00 Tíufréttir**
- **22.25 Dauðir rísa** (11:12) Breskur saka-málaflokkur um Peter Boyd og félagar hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Þættirnir hafa unnið til Emmyverðlauna sem besta leikna sjónvarpsefnið. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.20 Soprano-fjölskyldan** (11:21) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 00.15 Kastljós**
- 01.00 Dagskrárlok**

 STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Slap Shot 2: Breaking the Ice**
- 08.00 Clint Eastwood: Líf og ferill**
- 10.00 Just My Luck**
- 12.00 Spanglish**
- 14.10 Clint Eastwood: Líf og ferill**
- 16.00 Just My Luck**
- 18.00 Spanglish**
- 20.10 Slap Shot 2: Breaking the Ice** Hressileg spennumynd sem gerist í hörðum heimi íshokkisins.
- 22.00 Picture Claire**
- 00.00 Boat Trip**
- 02.00 The United States of Leland**
- 04.00 Picture Claire**



- 08.10 Oprah**
- 08.55 Í finu formi**
- 09.10 The Bold and the Beautiful**
- 09.30 Wings of Love** (37:120)
- 10.15 Sisters** (24:24)
- 11.00 Blue Collar**
- 11.25 Matur og lífsstíll**
- 12.00 Hádegisfréttir**
- 12.45 Nágrannar**
- 13.10 Homefront** (15:18)
- 13.55 Neyðarfóstrurnar** (14:16)
- 14.40 Ítalíuævintýri Jamie Olivers** (5:6)
- 15.05 America's Got Talent** (2:15)
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2** (18:22)
- 17.30 The Bold and the Beautiful**
- 17.55 Nágrannar**
- 18.20 Ísland í dag og veður**
- 18.30 Fréttir**
- **20.00 Extreme Makeover: Home Edition** (17:32) Þriðja þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover. Home Edition. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurbyggir heimili þeirra frá grunni. (17:32) Ty og félagar byggja heimili fyrir fjölskyldu sem þjáist af arfengum sjúkdómi. Debbie Allen úr So You Think You Can Dance er sérstakur gestur þáttarins. 2006.
- 21.25 Kompás**
- 22.00 60 mínútur**
- 23.05 NCIS** (7:24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sersveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast sjóliðum á einhvern hátt, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliðana. 2006.
- 23.50 Big Love** (6:12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonur hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og 7 börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem krefst mikillar vinnu. Það er von að maðurinn sé þreyttur en hann er þó ekki á því að gefast upp.
- 00.45 Ghost Whisperer** (32:44)
- 01.30 Den Osynlige**
- 03.10 The Closer** (11:13)
- 03.55 Medium** (5:22)
- 04.40 NCIS** (7:24)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag**
- 06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ**



- 07.00 Coca-Cola Championship**
- 16.20 Coca-Cola Championship**
- 18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 18.30 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
- 19.00 Liverpool - Tottenham** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)
- 20.40 Arsenal - Sunderland** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)
- 22.20 English Premier League 2007/08** (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 23.15 Man. City - Middlesbrough** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)



- 17.30 David Beckham - Soccer USA** (11:13)
- 18.00 Meistaradeild Evrópu fréttapát**
- 18.30 Heights of Passion** (Erkifjendur) Frábær þáttaröð þar sem teknar eru fyrir viðureignir erkifjenda í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti verður fjallað um hið sérstaka haturssamband sem ríkir á milli spænsku stórliðanna Real Madrid og Barcelona.
- 19.25 Kaupþingsmótaröðin 2007** Lokapátturinn um Kaupþingsmótaröðina í golfi.
- 20.30 King of Clubs** Vandaður þáttur þar sem farið er í saumana á því hvað gerir AC Milan að einu stærsta og sigursælasta knattspyrnufélagi veraldar.
- 21.00 Augusta Masters Official Film** Vandaðir þættir um eftirminnileg Masters-mót sem er eitt af fjórum risamótum í golfi. Í þessum þætti verður sýnt frá mótinu árið 1997 en þá sigraði Tiger í fyrsta sinn.
- 21.55 PGA Tour 2007 - Highlights** (Valero Texas Open)
- 22.50 Meistaradeild Evrópu 07/08** Útsending frá leik Valencia og Chelsea í riðlakeppni Meistaradeildarinnar.

 SKJÁREINN

- 08.00 Dr. Phil** (e)
- 08.45 Vörutorg**
- 16.45 Vörutorg**
- 17.45 Family Guy** (e)
- 18.15 Dr. Phil**
- 19.00 Sport Kids Moms & Dads** (e)
- 20.30 Allt í drasli** (3:13) Hreinlætisdivurnar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja subbuleg heimili og taka til hendinni. Að þessu sinni heimsækja þær þjóðkunna fjölmiðlakuonu sem er að drukkna í geisladiskum. Útvarpskonan Andrea Jónsdóttir býr Vesturbænum og getur vart þverfótað fyrir tónlistardiskum sem hún fær í þúsundtali á hverju ári. Nú þarf að koma skipulaginu í lag og tónlistarsafninu á sinn stað.
- **21.00 Innlit / Útlit** (3:13) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Amar Gauti koma víða við. Í kvöld verður útvarpskonan Andrea Jónsdóttir heimsótt og gerðar gríðarlegar breytingar á heimili hennar.
- 22.00 Heartland** (6:9) Dramatísk lækna-sería með Treat Williams í aðahlutverki. Nathaniel og lækna-lið hans þarf að framkvæma erfiðustu aðgerðir sínar til þessa þar sem sex einstaklingar koma við sögu. Mary þarf að færa stóra fórn til að aðgerðirnar gangi upp.
- 22.50 Sigtíð** (e)
- 23.15 Starter Wife** (e)
- 00.05 C.S.I. New York** (e)
- 00.55 C.S.I.** William L. Petersen sá besta af þeim bestu er hér í hlutverki réttarrannsóknarmannsins Gil Grissom. Grissom og félagar eru snillingar í að leysa sakamálið sem líta stundum illa út í byrjun, því oft virðist ekki vera neitt til að byggja málið á, en alltaf tekst þeim að koma manni á óvart. Þáttur sem grípur þig heljartökum um leið og þú byrjar að horfa og kemur þér alltaf á óvart. Einn vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum í dag.
- 01.45 Vörutorg**

 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttavikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

EKKI TRÚA OKKUR!

Trúðu þeim.

PENTAX K10D var valin besta myndavélin í sínum flokki af öllum helstu fagmönnum 2007



K10D
DSLR
10.2M dílar
Hrístivörn
Vatnsvarin
Frábært notendaviðmót
Frábær myndgæði
Aukahlutir á sanngjörnu verði

Aðeins kr. 99.990,-

Pentax K10D – ómótstæðilegur pakki fyrir þá sem vilja taka betri myndir



LJÓSMYNDAVÖRUR
Skiopholti 31, sími 568-0450 ljosmyndavorur.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.25
KOMPÁS

Kompás ferðast út fyrir landsteinana til að veita áhorfendum innsýn í hrikalegan raunveruleika íbúa Kólumbíu. 27 konur og börn eru nú á leið til Íslands frá Kólumbíu en líf þeirra hefur verið undirlagt fátækt og skelfingu. Þau eru á flótta undan skæruliðum en vonast til þess að geta hafið nýtt líf á Íslandi. Ekki missa af þessum átakanlega þætti af Kompási.



► VIÐ MÆLUM MED
SÖNGVASKÁLD

Sjónvarpið kl. 21.05

Átta þættir þar sem lagasmiðir flytja lög sín að viðstöddum áhorfendum í sjónvarpssal. Í fyrsta þættinum syngur Egill Ólafsson nokkur lög og spjallar við hlustendur. Egill hefur um árabil fengist við alls konar tónlist með hljómsveitum sínum Spilverki þjóðanna, Pursaflokknum og Stuðmönnum, og hefur sungið tangó, klassík og fleira og fleira með fjölmörgum tónlistarmönnum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Heima er best
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Stef
- 15.03 Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum

- 15.30 Dr. RÚV
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Hundur í útvarpssal
- 21.00 Í heyranda hljóði
- 22.15 Fimm fjórðu
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

ÞÁ SÍRKUS

- 18.20 Fréttir
- 19.10 Hollyoaks (31.260)
- 19.30 Hollyoaks (32.260)
- 20.00 The George Lopez Show (11.22) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingisdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þó ekki eina vandamálið því mamma hans er við það að gera hann vitlausan. 2005.
- 20.30 Jake 2.0 (13.16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Nú er hann sterkari og sneggrí en nokkur annar og leyniþjónusta Bandaríkjanna ákveður að nýta sér krafta hans.
- 21.15 Windfall (4.13) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki fól og vandræðin eru rétt að hefjast.
- 22.00 Men In Trees (17.17) Bráðkemmtileg, ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandssérfræðing sem kemst að því að unnustinn hefur haldið fram hjá henni. Hún ákveður að setjast að í smábæ í Alaska þar sem karlmennirnir eru 10 sinnum fleiri en konur.
- 22.45 Saving Grace (5.13) Spannandi þáttaröð með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut. (5.13) Grace reynir að leysa glæp sem virðist í fljótu bragði tengjast nokkrum góðkunningjum bæjarbúa. 2007. Bönnuð börnum.
- 23.30 The Will (5.6)
- 00.10 E-Ring (10.22)
- 00.55 Ren & Stimpy
- 01.20 Ren & Stimpy
- 01.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Antiques Roadshow 13.00 The Inspector Lynley Mysteries 14.00 Houses Behaving Badly 14.30 Homes Under the Hammer 15.30 Garden Challenge 16.00 As Time Goes By 16.30 The Good Life 17.00 Little Angels 17.30 Little Angels 18.00 Silent Witness 19.00 Broken News 19.30 The Mighty Boosh 20.00 The Office 20.30 Absolute Power 21.00 Silent Witness 22.00 2. POINT 4 CHILDREN 22.30 Broken News 23.00 The Mighty Boosh 23.30 As Time Goes By 0.00 The Good Life 0.30 EastEnders 1.00 Silent Witness 2.00 Antiques Roadshow 3.00 Cash in the Attic

DR 1

12.20 DR Jobbussen 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 SPAM 14.30 Den lyserøde Panter 14.35 Ninja Turtles: Tidsrejsen! 15.00 Store Nærd 15.30 Lille Nærd 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ha' det godt 18.00 Sportis 18.30 Familien 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Måske skyldig III 21.40 Forbrydelsen

NK1

10.00 NRK nyheter 10.15 Et! 10.50 Stortingets høytidelige åpning 12.00 Skjergardsdokteren 12.55 Tom og Jerry 13.00 Hemmelig agent på moped 13.30 Ghost Trackers 13.50 Grusomme grøss 14.00 Gatefootball 14.30 Kim Possible 14.55 Minikryp 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Landgang 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Det lille spøkelseset Laban 16.10 Dyrlege Due 16.20 Angelina Ballerina 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen 17.55 Kos og kaos 18.25 Vi redder ver-

SVT 1

12.05 Flottans överman 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Life & Living Processes 15.20 Flag Stories - in English 15.25 Flag Stories - in English 15.30 Krokmax 16.00 BoliBompa 16.10 Berättelser från hönsgården 16.20 Lauras stjärna 16.30 Seaside hotell 16.45 Rekordbyrån 17.00 Bobster 17.05 Grand Prix 17.30 Rapport 18.00 Andra Avenyn 18.30 Mitt i naturen 19.00 Plus 19.30 Skild! 20.00

FYRSTA
HJÁLP
- við kvefi!



+ OTRIVIN NEFÚÐI
Fyrir börn og fullorðna.



+ VECTAVIR FRUNSUKREM
Verkar á öllum stigum frunsunnar.



Lágmulí - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

+ STREPSILS HÁLSTÖFLUR
4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.



+ VOLTAREN DOLO
Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.



- Lífið heil

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá stingi eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsuvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofrennslu, kvef eða influensu eða í mikilli sól (t.d. á skiðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittitími stytst. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin nefúðinn og nefdroparnir innihalda xylómetasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í enniss- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhuð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhuð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylómetasólín ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sóttþreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislik viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkingum. Hverri pakkingu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo® (diklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tanngínu og töðþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við læknir áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylýsalísýru, íþuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við læknir, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leiðið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Markaðsleyfshafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjubúli 17, 210 Garðabæ.

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Ég fer oft niður á Jómfrú og borða rauðsprettu. Þeir steikja eitt flak, setja ofan á brauð og setja remúlaði ofan á. Svo borða ég stundum djúpsteiktan fisk hjá Hróa Hetti vestur í bæ.“

Raggi Bjarna söngvari.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. strit 6. mannpvaga 8. hár 9. skjón 11. í röð 12. svartur (um hross) 14. bragðbætur 16. í röð 17. traust 18. fæða 20. bardagi 21. rekald.

LÓÐRÉTT
1. magi 3. tvíhljóði 4. ásaka 5. rá 7. hringfari 10. beiskur 13. gagn 15. dund 16. sær 19. samtök.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. vömb, 3. au, 4. klandra, 5. síð, 7. síkili, 10. súr, 13. ný, 15. dútl, 16. haf, 19. aa.
LÁRÉTT: 2. baks, 6. ös, 8. ull, 9. mis, 11. að, 12. brúnn, 14. krydd, 16. hi, 17. tru, 18. ala, 20. at, 21. flak.



vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

Óska eftir að kaupa lingapon námskeið!

Námskeið sem mig vantar er með íslenskri þýðingu neðanmáls á sömu blaðsíðu og enski textinn. Er sennilega 1 eða 2 bækur og kassettur eða geisladiskar. Bókin sem ég las var innbundin sem kilja.

Upplýsingar 865 7013 Björgvin Ómar Ólafsson

Auglýsingasími

5125050



– Mest lesið

Óánægja með Heima Sigur Rósar

„Eins og staða mín er í dag get ég ekki tjáð mig um málið,“ segir G. Magni Ágústsson kvikmyndatökumaður. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hann, ásamt kvikmyndaleikstjóranum Steingrími Karlssyni, leitað aðstoðar lögfræðisskrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar vegna máls sem snertir heimildarkvikmyndina Heima sem fjallar um tónleikaferð Sigur Rósar hér á landi á síðasta ári.

Málið snýr að höfundarrétti en bæði Magni og Steingrímur unnu að gerð kvikmyndarinnar Heima. Þeir telja sig ekki hafa fengið það sem þeim ber á svokölluðum kreditlistakvikmyndarinnar. Kvikmyndagerðarmennirnir hafa sett fram þá kröfu að kreditlistinn verði lagaður



ÞÖGULL Kári Sturluson vildi ekki tjá sig um málið en það ku hafa ratað á skrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar.

og þeir fái þar sess sem þeir sætta sig við. Steingrímur var upphaflega leikstjóri myndarinnar og Magni aðaltökumaður. Liðsmenn Sigur Rósar voru hins vegar óánægðir



HEIMA Tónlistarmyndin Heima hefur fengið lofsamlega dóma, bæði hér á landi og erlendis.

með útkomuna hjá Steingrími og fengu Dean DeBlois til að ljúka við myndina. Íslenski kvikmyndagerðarheimurinn hefur fylgst grannt

með gangi mála hjá þeim Magna og Steingrími eftir frumsýningu myndarinnar, en Heima hefur fengið lofsamlega dóma bæði hér heima og erlendis. Innan kvikmyndageirans hafa verið háværar raddir um hversu lítið var gert úr hlut Íslendinganna í kvikmyndinni. Kári Sturluson, einn aðstandandi Heima, vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið þegar það leitaði eftir viðbrögðum hans. Fram kemur í framleiðsluskjali kvikmyndarinnar að Steingrímur Karlsson hafi verið leikstjóri sumartakanna og hafi fengið myndefnið til klippingar haustið 2006 en útkoman hafi ekki staðist þær miklu væntingar sem hljómsveitin hafi haft.

- fgg

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL: FÉKK AÐSTOÐ FRÁ UPPTÖKUSTJÓRA BOWIE

Ragnheiður söng á stórtónleikum í Central Park

Ragnheiður Gröndal kom fram á stórtónleikum í Central Park í New York í lok september, en þeir voru haldnir til minningar um breska tónlistarmanninn Marc Bolan. Þátttöku Ragnheiðar bar brátt að, en hún var stödd í New York til að ganga frá lausum endum eftir námsdvöl hennar þar í fyrra.

„Þetta kom eiginlega til í gegnum vinkonu mína sem heitir Birna Anna og bjó með mér úti,“ útskýrði Ragnheiður. „Hún kynntist manni sem heitir Joe Hurley á kaffihúsi í hverfinu okkar. Hann er söngvari í hljómsveit sem heitir Rogue’s March, og stóð fyrir þessum tónleikum. Birna lét hann fá íslenska þjóðlagadiskinn minn, og hann vildi fá mig til að syngja eitt lag á tónleikunum,“ sagði hún. Ragnheiður féllst á það, og fékk því að standa á sviði í Central Park ásamt fleiri framúrskarandi tónlistarmönnum. Hún telur að áheyrendur hafi verið um og yfir þúsund talsins. „Þeir voru minnst það margir,“ sagði hún.

Marc Bolan var söngvari bresku hljómsveitarinnar T. Rex, sem náði feikilegum vinsældum í Bretlandi á fyrri hluta áttunda áratugarins. Hann lést 16. september 1977, tveimur vikum fyrir þrítugsafmælið sitt. „Ég vissi nú ekkert hvaða hljómsveit þetta var fyrst en kynnti mér það aðeins. Þeir voru mjög frægir í Bretlandi en náðu aldrei alveg í gegn í Bandaríkjunum,“ sagði Ragnheiður. „Mér skilst að þetta hafi verið fyrsta glyssroksveitin,“ bætti hún við.

Ragnheiður söng ballöðuna Dove, við undirleik Tonys Visconti á gítar. „Hann var pródúsent fyrir T. Rex og vann lengi með David Bowie líka,“ útskýrði Ragnheiður. Á sömu tónleikum kom fjöldi þekktra tónlistarmanna fram, en



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL



PATTI SMITH

FÖNGULEGUR HÓPUR TÓNLISTARMANNA

Fjöldi þekktra tónlistarmanna kom fram á minningartónleikunum um **Marc Bolan**, þar á meðal tónlistarkonan **Patti Smith** og Jake Shears úr Scissor Sisters. **Ragnheiður Gröndal** söng lagið Dove, við undirleik upptökustjórans Tony Visconti, sem hefur meðal annars átt mjög farsælt samstarf við David Bowie.



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

MARC BOLAN

þar var Patti Smith fremst í flokki. Jake Shears, söngvarinn úr Scissor Sisters, kom einnig fram á tónleikunum, eins og liðsmenn New York Dolls. „Svo var líka hópur af konum sem söng bakraddir fyrir Sinéad O’Connor en þær eru sjálfar með hljómsveit núna,“ útskýrði Ragnheiður, sem sagði reynsluna hafa verið afar skemmtilega.

„Það voru allir með glimmer og svona, svo þetta voru mín fyrstuskréfiglyssrokkheiminum,“

sagði hún og hló við. „Það var líka mjög skemmtileg stemning þarna og æðislegt að syngja í Central Park. Þetta var ótrúlega flott útisvið og svo stólar allt í kring,“ sagði hún.

Ragnheiður vinnur nú að nýrri plötu sinni sem er væntanleg í nóvember. Hún segist ekki vera á leið til New York aftur í bráð. „Ég fer kannski í febrúar og held tónleika, en það kemur í ljós,“ sagði hún.

sunna@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



þarna hafi hún endanlega náð því að skjóta sterkum rótum í menningarlíf Íslendinga. Fjöldmörg boð voru haldin í tengslum við þessa glæsilegu kvikmyndaveislu og bauð meðal annars Kvikmyndamiðstöð Íslands mörgum af helstu leikstjórum landsins í veglegt matarboð á Hótel Holti á miðvikudagskvöldið síðasta en þar mátti meðal annars sjá **Guðnýju Halldórsdóttur** og **Baltasar Kormák** í hrókasamræðum þar sem íslensk kvikmyndagerð var krufin til mergjar.

Veisluhöldin héldu áfram hjá kvikmyndagerðarfólkinu því **Hrafn Gunnlaugsson** bauð til mikillar veislu á Laugarnestanga en húsið hans þar er mikil völundarsmið og voru erlendir gestir leikstjórans agn dofna yfir því sem fyrir augu þar. Húsið er nú orðið eitt af kennileitum Reykjavíkur og er ekki óalgengt að ferðamenn í borginni geri sér leið til að berja húsið augum.

Umslag fyrstu breiðskífu hljómsveitarinnar Sprengjuhallarinnar er um margt athyglisvert. Á baksíðu þess má sjá meðlimina sitja fyrir svörum hjá ósýnilegum blaðamönnum en mikkrofónar fjölmiðlanna eru heldur úr sér gengnir. Þar má meðal annars sjá merki dægurmálapáttarins sáluga 19:20 sem var á dagskrá Stöðvar 2 og svo sjálfa Stöð 3 sem lagði upp laupana fyrir margt löngu. Er talið að þarna sé Sprengjuhöllin að vísa til uppvaxtarára sinna en þá var einkarekið sjónvarp að ryðja sér til rúms á Íslandi.

- fgg



Afhjúpar rokkgelluna í sér

Fegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmisdóttir afhjúpar rokkgelluna í sér þegar hún verður kynnr í þættinum Bandið hans Bubba sem hefur göngu sína á Stöð 2 í febrúar.

„Mér list rosalega vel á þetta og ég er mjög glöð að fá þetta tækifæri. Það verður gaman að prófa að vinna í sjónvarpi því það er örugglega það eina sem ég á eftir að gera,“ segir Unnur Birna. „Ég var aðeins í sjónvarpi í gamla daga en það var í algjörrí myflugumynd. Þetta er miklu stærra og skemmtilegra verkefni.“

Fyrstur áheyrnar-tónleikarnir vegna þáttarins verða

haldnir í Bolungarvík annað kvöld en Unnur fer í upptökur strax í dag og hlakkar mikið til enda í góðum höndum. „Ég þekki Bubba örlítið í gegnum fjölskyldutengsl og það er þægilegt að þekkja hann persónulega áður en maður fer í þetta. Hann er mjög indæll alltaf.“ Næstu áheyrnar-tónleikar verða síðan á Akureyri 17. október, í Neskaupstað viku síðar og loks í Reykjavík 3. nóvember.

Þrátt fyrir að vera önnur kafin við lögfræðinám í Háskólanum í Reykjavík er Unnur Birna hvergi bangin og ætlar sér ekki að láta námið sitja á




BUBBI MORTHENS
Bubbi fær góða hjálp frá Unni Birnu við nýja þáttinn sinn.



UNNUR BIRNA Fegurðardísinn Unnur Birna verður kynnr í þættinum Bandið hans Bubba.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

hakanum þrátt fyrir annirnar sem fram undan eru. „Það er smá púsluspil að koma þessu fyrir í dagskránni,“ viðurkennir sjónvarpskonan tilvonandi, sem segist finna fyrir jákvæðu stressi fyrir tókurnar í dag.



Hættu að hugsa um umhverfið

Hvað er vishæft fyrir umhverfið og hvað ekki getum við endalaust hugsað um. Nú er rétti tíminn til að hætta að hugsa. Í bili. Nýtum raunhæfu hugmyndirnar strax í dag. Við hjá Brimborg trúum því að í samvinnu við aðra finnum við réttu leiðina að þeim lífsgæðum sem gildi okkar vísa á. Tökum stórt stökk fyrir mannkynið með því að taka saman lítil vishæf skref. Taktu þátt. Á brimborg.is finnur þú nokkra punkta sem geta komið þér af stað.

Taktu vishæf skref með Brimborg og Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg býður ókeypis bílastæði fyrir ákveðna vishæfa bíla. Brimborg tekur þátt og býður á móti bíla sem falla vel að hugmyndum borgarinnar um vishæf gildi: Núna Citroën C1 og Citroën C3. Taktu vishæf skref með Brimborg og Reykjavíkurborg. Fáðu ókeypis í bílastæði í Reykjavík. Komdu í Brimborg. Sjáðu Citroën C1 og Citroën C3.



Stæðilegur Citroën C1
Vél: 68 hö, 1,0 VVTi,
bensínnotkun: 4,6 l/100 km,
CO₂: 109 g/km*




Stæðilegur Citroën C3
Vél: 70 hö, 1,4 HDi,
dísilnotkun: 4,4 l/100 km,
CO₂: 115 g/km*



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

* Reykjavíkurborg veitir ökumönnum bíla sem uppfylla eftirfarandi skilyrði fritt í stæði í 90 mínútur: CO₂ útblástur að hámarki 120 g/km. Eyðsla í blönduðum akstri: Bensínvél: 5,0 l/100 km eða minna. Dísilvél: 4,5 l/100 km eða minna. Aðrir orkugjafar: Tviorkubílar sem nota t.d. metan/bensín eða etanol/bensín: 5,0 l/100 km eða minna.



BAKÞANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttur

Svart á hvítu

Hvergi er meiri draugagangur og á netinu. Gamlar upplýsingar og hrekkir sveima þar um árum saman í óendanlegu tómarúmi. Virðast geta sest að í sálum fólks hvenær sem er og valdið ómældum ótta. Sífellt er verið að vara fólki við hvers kyns vá í gegnum tölvupósta og netskrif. Varnaðarorð leynast við hverja fingrasetningu.

REYNDAR er skelfinguna og varúðina á netinu ekki að undra miðað við upphaflegan tilgang þess. Það var hannað upp úr 1960 af varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna, rök má færa fyrir því að á fáum stöðum hafi mógæsing verið iðkuð af jafn miklu kappi og í þeirri stofnun, með þeim tilgangi að tengja tölvur brysti kjarnorkustyrjöld á.

FYRIR skömmu barst mér tölvuskeyti sem upphaflega átti að hafa verið skrifað af bandarískri móður sem leitaði fjórtán ára dóttur sinnar. Viðtakandi beðinn um að gefa sér tvær sekúndur til að áframsenda skeytið til allra sem hann þekkti. Ég gúgglaði nafni stúlkunnar og notaði ábyggilegri heimildir en koma frá sefasjúkum netverjum. Fimm ár voru liðin frá því stúlkan hvarf og fyrir löngu hafði hún skilað sér heim heil á húfi. Áhyggjuorð móðurinnar á veraldarvefnum verða þó seint sefuð.

SEM unglingur taldi ég auðsýnt að almenningur myndi taka fjölmiðlun yfir. Bláðamannastéttin hyrfi og netupplýstur almenningur næði yfirhöndinni í miðlun fréttu. Þótt sannleika megji finna í spánni hefur komið á daginn að netsögur eiga jafnan meira sameiginlegt með þjóðsögum en fréttum. Fólki heyrir eitthvað og miðlar því áfram fyrirhafnarlaust, oft með tilfærslum og ályktunum. Þótt blogg og tölvuskeyti hafi oft yfir sér ævintýrlegan blæ er þeim miðlað í skrifum. Sú trú er svo æði langlíf að það sem sé svart á hvítu sé ávallt satt.

RÉTT eins og draugasögur eru netsögur sífellt að valda fólki skelfingu en um leið undarlegri skemmtan. Sagaafsvokölluð nauðgunarlyfi sem átti að gera konur ófrjóar æddi um vefinn ekki alls fyrir löngu. Þegar lyfjaskrár voru kannaðar var hins vegar ekki að sjá að lyfið hefði verið til. Skemmst er svo að minnast hinnar æsilegu lygasögu af Helga hundingsbana hinum síðari.

ÓSTAÐFESTAR hryllingssögur samtímans veita mér oft mikla ánægju. Þær hafa samt einnig kennt mér að meta jarðbundnar fréttir Bændablaðsins sem og speki rassálfanna sem aldrei hikuðu við að spyrja grundvallarspurningarinnar: af hverju?

GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 9.
október, 282. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.58	13.15	18.30
Akureyri	7.46	13.00	18.12

Heimild: Almanak Háskólans

TÍMAMÓTABÍLL Á BETRA VERÐI!

Eini bíllinn í Evrópu sem hlotið hefur 5 stjörnur
í Euro NCAP og er með sjö ára ábyrgð



KIA cee'd Crdi dísil 115 hestöfl

2.090.000 kr.

Verð áður 2.345.000 kr.



KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.



KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is